



Kennsluleiðbeiningar fyrir 5.-7. bekk

Brynhildur Þórarinsdóttir 2010

Örfá orð um Laxdælu

Laxdæla er meðal þekktustu og vinsælustu Íslendingasagnanna. Sagan er ein sú harmrænasta en um leið rómantískasta enda er ástin upphafið að átökum hennar. Kjartan Ólafsson, Bolli Þorleiksson og Guðrún Ósvífursdóttir mynda eftirminnilegasta ástarþríhyrning íslenskra bókmennta. Harmur sögunnar felst í því að piltarnir sem berjast um ástir stúlkunnar eru ekki bara bestu vinir heldur náfrændur, uppeldisbræður og fóstbræður að auki. Inn í blóðug átök þeirra flækjast frændur og vinir úr nátengdum fjölskyldum. Laxdæla getur einnig kallast bæði héraðssaga og ættarsaga enda fylgir hún afkomendum Unnar djúpúðgu í landnámi hennar, Dalasýslu. Á yfirborðinu er Laxdæla eins og aðrar Íslendingasögur, textinn knappur, persónurnar kaldhæðnar og tilsvör þeirra nóturleg. Tilfinningarnar ólga þó undir yfirborðinu; ást, hatur, afbrýðissemi og eftirsjá. Þannig er stíll Íslendingasagnanna, persónurnar eru ávallt sýndar utan frá en lesendum látið eftir að skyggnast undir yfirborðið og túlka líðan þeirra.

Íslendingasögur handa börnum í 5.-7. bekk

Laxdæla hefur lengi verið lesin í íslenskum framhaldsskólum og sums staðar einnig í efstu bekkjum grunnskóla. Þessi gerð sögunnar er ætluð yngri börnum en hentar öllum þeim sem vilja fá yfirsýn yfir söguna og átta sig á tengslum manna og samhengi atburða áður en ráðist er í lestur hinnar löngu sögu. Laxdæla tengist mjög öðrum Íslendingasögum sem færðar hafa verið í barnabúning. Þannig er hægt að tengja kennslu bókarinnar við kennslu Njálu og Eglu. Höskuldur Dala-Kollsson, afi aðalpersónunnar Kjartans Ólafssonar, er hálfbróðir Hallgerðar Langbrókar í Njálu. Þau eru samfeðra. Móðir Kjartans er Þorgerður Egilsdóttir, dóttir Egils Skalla-Grímssonar aðalpersónu Eglu. Eins og sjá má á þessu gerist Laxdælu sýnu seinna en hinar sögurnar tvær.

Íslendingasögurnar eiga heima í skólakerfinu, ekki aðeins í unglingsáldum og framhaldsskóla heldur má kynna skólabörn á öllum aldri fyrir þeim ef rétt er á málum haldið. Sögurnar eru spennandi og forvitnilegar. Þær sýna forna veröld sem er bæði gjörólík heimi barnanna og náskyld. Þar eru manneskjur af holdi og blóði, breyskar eins

og við hin. Þar eru karlar, konur og börn, ömmur og afar, víkingar, konungar, tröll og draugar. Vandamálin sem söguhetjurnar glíma við gætu allt eins átt sér stað í frímínútunum í skólanum, deilt er um yfirráðasvæði, vini, gjafir og völd. Sýna þarf styrk sinn og stöðu, treysta vináttuna og hefna ófara sinna. Persónurnar eru afbrýðissamar, sorgmæddar, kátar, hugrakkar, gjafmildar, hefnigjarnar, glysgjarnar, ástfangnar, blóðþyrstar og friðsamlegar.

Íslendingasögurnar geyma skýra mynd af fornu samfélagi sem er í grundvallaratriðum frábrugðið 21. öldinni. Þar ríkir hefndarskylda og sæmdin er það verðmætasta sem menn eiga. Ef einhver gerir eitthvað á hlut manns verður maður að hefna. Þá gildir einu hvort móðgunin er í formi vísu, ofbeldis eða ráns. Menn eru því duglegir að sveifla sverðum og höggva frá sér til að sýna hvað í þeim býr. Karlarnir verja heiður fjölskyldunnar með vopnum en konurnar með því að hvetja karlana til bardaga.

Íslendingasögurnar geta kennt okkur margt um samfélagið á miðöldum; um samskipti manna, fjölskyldulíf og búsetu, verkaskiptingu kynjanna og stöðu barna, stéttaskiptingu og þrælahald. Þær sýna viðhorf til trúar og siða, gildi sæmdar og blóðhefndar, stórviðburði á borð við kristnitöku og landnám og fleira sem nemendum er ætlað að læra um, skv. aðalnámskrá grunnskólans.

Barnaútgáfur af Íslendingasögnum geta auðveldað nemendum að átta sig á þessari fornu veröld. Íslendingasögurnar höfða sterkt til yngri barna ef þær eru bornar fram í hæfilegum skömmtum. Þær má hæglega matreiða fyrir grunnskólanemendur allt frá upphafi skólagöngunnar. Að sama skapi má tengja sögurnar mörgum námsgreinum. Íslendingasögurnar geyma frásagnir sem vekja börn til umhugsunar um lífið og tilveruna. Þær sýna samfélag sem liðið er undir lok en endurspeglast á vissan hátt í nútíðinni. Persónurnar eru af holdi og blóði og vekja sterk viðbrögð hjá ungum lesendum. Sögurnar geta því komið að góðu gagni í námsgreinum á borð við lífsleikni og samfélagsfræði.

Í þessum kennsluleiðbeiningum er litið á Laxdælu sem lýsingu á samfélagi og hugmyndaheimi fortíðar. Leiðbeiningarnar taka því mið af aðalnámskrá samfélagsgreina þar sem lögð er áhersla á að 10-12 ára nemendur læri um víkingaöld. Tímabilið sem kallað er víkingaöld nær frá síðari hluta 8. aldar til miðrar 11. aldar en atburðatími Íslendingasagnanna er frá lokum 9. aldar til fyrstu áratuga 11. aldar.

Að sjálfsögðu er einnig tekið mið af aðalnámskrá íslensku þar sem lögð er áhersla á læsi og mikilvægi bókmenntalestrar. „Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda, kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og trúarhópa.“ (Aðalnámskrá, íslenska 2006). Árangursrík kennsla í bókmenntum og samfélagsfræði byggist á því að börn fái að upplifa og túlka lesefnið. Kennslan þarf því að byggjast á ýmiss konar tjáningu, skriflegri, munnlegri og myndrænni, eða eins og stendur í námskrá samfélagsgreina: „Aðferðir samfélagsgreina eru samræða og frásögn, leikur, söngur og myndvinna, upplýsingaöflun og vettvangskannanir og ritað mál, eftir því sem kunnáttu og þroska fleygir fram. Ævintýri og sögur geta verið neisti sem kveikir umræðu og vekur til umhugsunar um mannfélag, staðhætti og mismunandi tímaskeið.“ (Aðalnámskrá, samfélagsgreinar 2006)

Víkingar í aðalnámskrá grunnskólans

Í aðalnámskrá grunnskóla fyrir miðstig er gert ráð fyrir að nemendur öðlist þekkingu á víkingaöldinni. „[Nemendur] fari könnunarferðir um heimaslóðir víkinga, þ.e. leiti sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti um valda þætti víkingatímans (um 800-1050) – kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, frásögnum, myndverkum eða á annan skapandi hátt.“ Sérstök áhersla er lögð á síðari hluta víkingaaldar, þ.e. tímabilið frá landnámi til kristni. Ætlast er til þess að nemendur „læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þar á meðal í heimabyggð - kynnist og lesi kafla úr Landnámu, Íslendingabók og Íslendingasögum - kynnist fornleifafundum, vitnisburði ritaðra heimilda og nokkrum álitamálum um fyrstu skeið byggðar á Íslandi - hugleiði kosti og gæði

landsins frá sjónarhóli landnámsmanna - öðlist skynbragð á trú og siði fyrir kristnitöku - kanni skiptingu landsmanna eftir stéttum, stöðu og atvinnugreinum, svo sem í frjálst fólk og ófrjálst, goða og bændur, konur og karla, handverksmenn og fjölvisar konur - læri hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðorð, hvernig Alþingi kom til sögunnar og hvernig lögum var skipað í landinu - geri sér grein fyrir því hvernig kristni barst með ýmsum hætti norður á bóginn, allt til Íslands og Grænlands - kynnist hefðbundinni sögu af kristnitöku á Alþingi - geti velt fyrir sér þýðingu kristnitökunnar.“

Veröld hinna fornu víkinga birtist einna skýrast í Egils sögu Skalla-Grímssonar af öllum Íslendingasögnum. Barnagerð Eglu (Brynhildur Þórarinsdóttir, Mál og menning 2004) er víða kennd í grunnskólum og til á flestum skólasöfnum. Í henni er að finna ýmiss konar ítarefni um víkinga og enn frekari upplýsingar um víkingaöldina eru í kennsluleiðbeiningum Eglu sem nálgast má á www.forlagid.is. Laxdæla gerist kynslóð síðar en Egla og að miklu leyti eftir að víkingarnir kynnast kristinni trú. Söguhetjurnar eru því býsna ólíkar, bæði í útliti og háttum þótt allar teljist þær víkingar. Áhrif riddarasagna eru greinileg á Laxdælu en kapparnir eru ekki ljótir víkingar eins og Egill heldur lokkaprúðir, snyrtilegir og fallega klæddir eins og göfugar hetjur riddarabókmenntanna. Þetta er sérstaklega áberandi í lýsingu Kjartans Ólafssonar.

Um leiðbeiningarnar

Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í 20 kafla á sama hátt og Laxdæla. Umfjöllun um hvern kafla er þrískipt; fyrst er bent á aðalatriðin sem kennari getur haft til hliðsjónar þegar hann les kaflann með bekknum. Þá koma efnisspurningar sem eiga að hjálpa nemendum að tileinka sér efnið og þjálfá þá í leitarlestri. Svörin við efnisspurningunum eiga að vera stutt og eru þau gefin í leiðbeiningunum. Loks eru tillögur að umræðuefnum og verkefnum. Þessi verkefni eru samin með það að leiðarljósi að flestir nemendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi, hvar sem styrkleikar þeirra liggja. Í öllum köflum eru verkefni sem reyna t.d. á listræna hæfileika, hreyfigreind eða umhverfisvitund, ekki síður en hæfni til að tileikna sér efni úr bókum. Misjafnt er eftir bekkjum hvernig best er að

haga verkefnavinnu. Í sumum tilvikum getur verið gott að skrifa verkefni á spjöld og deila þeim út eftir áhuga og getu nemenda þannig að allir glími við viðráðanleg verkefni á sama tíma. Sumum verkefnum yrði þá skilað sem ritgerð, öðrum sem teiknimyndasögu eða jafnvel tónverki. Aðalatriðið er að nemendur nái að lifa sig inn í söguna og samsama sig persónunum því þannig læra börn mest.

Í öllum köflum eru nokkur verkefni sem reyna á hæfileika nemenda til að setja sig í spor annarra og velta fyrir sér hegðun og framkomu persónanna. Það veltur á aldri nemenda og þroska hversu vel þeim gengur að vinna slík verkefni sjálfstætt en í yngri bekkjunum henta þau fyrst og fremst sem umræðuefni fyrir bekkinn í heild. Eldri nemendur gætu unnið slík verkefni sem ritunarverkefni. Sum þessara verkefna henta vel fyrir hópvinnu. Kennarar gætu skipt nemendum í hópa og látið þá ræða um tiltekið viðfangsefni. Í lok tímans myndu allir hóparnir kynna niðurstöður sínar og rökræða þær, en sem kunnugt er gerir aðalnámskrá grunnskólans kröfur um að nemendur þjálfist í samvinnu og að tjá skoðanir sínar.

Í lok leiðbeininganna eru svo nokkur verkefni sem vinna á eftir að lestri bókarinnar lýkur. Þau þjálfar nemendur í að setja atburðina í samhengi, túlka söguna og tjá sig, eins og aðalnámskrá gerir kröfur um. Þau þjálfar börnin jafnframt í að beita tungumálinu á fjölbreyttan hátt og eru því tilvalinn grunnur að umfjöllun um ólíkan stíl, til dæmis muninn á ritmáli og talmáli, formlegu bréfi og óformlegu bloggji.

Meira um Laxdælu

Ritunartími

Talið er að Laxdæla hafi verið rituð um miðja 13. öld en ekki er vitað hver það gerði. Stundum hefur verið rætt um Ólaf Þórðarson hvítaskáld sem höfund Laxdælu en slíkar kenningar hafa aldrei verið sannaðar. Ólafur var bróðir Sturlu Þórðarsonar sagnaritara en þeir voru bróðursynir Snorra Sturlusonar. Svona hugmyndir snúast því oftast en ekki

um að tengja sögunnar við þekkta höfunda á miðöldum. Óþarfi er að flækja óreyndum lesendum inn í flóknar tilgátur um höfunda, reynslan sýnir að börnum þykir höfundarleysið skemmtilega leyndardómsfullt.

Sögutími

Laxdæla gerist á víkingaöld, hún hefst fyrir landnám Íslands en fyrsti hluti hennar fjallar um landnám Unnar (Auðar) djúpúðgu ættmóður Laxdæla. Hún nam land í Dalasýslu og reisti sér bæ að Hvammi í Dölum. Sagan fylgir afkomendum hennar í héraðinu nokkrar kynslóðir og rís hæst í kringum árið 1000. Tvær af aðalpersónunum, Kjartan og Bolli, tengjast til dæmis kristnitökunni og eru þá ungir menn. Sögunni lýkur um miðja 11. öld en þriðja aðalpersónan, Guðrún Ósvífursdóttir, er þá orðin gömul kona.

Þegar ástin grípur unglingana

Laxdæla er allt í senn héraðssaga, ættarsaga og ástarsaga. Frændurnir, vinirnir og fóstbræðurnir Kjartan og Bolli berjast um ástir vinkonu sinnar Guðrúnar. Sagan getur verið skemmtilegt innlegg í umræður um samskipti kynjanna. Ástin reynir á vináttuböndin sem slitna á endanum. Misskilningur og svolítill hvít lygi koma þar við sögu. Söguhetjurnar eru unglingar á okkar mælikvarða þegar átök sögunnar hefjast, enda urðu krakkar fyrr fullorðnir á þessum tíma en nú. Yfirleitt var miðað við 16 ára aldur en tólf ára máttu efnilegir drengir þó hefna og stúlkur voru oft ekki nema 14 til 15 ára þegar þær voru giftar. Guðrún Ósvífursdóttir er kornung en þó lífsreynd kona þegar hún buslar í heitu lauginni heima hjá foreldrum sínum með frændunum Kjartani og Bolla. Hún er þá tvígift, skilin við fyrri eiginmanninn en ekkja eftir þann síðari. Hún var aðeins 15 ára þegar hún giftist í fyrsta sinn og 17 ára er hún giftist í annað sinn.

Flétta sögunnar og inntak

Íslendingasögunnar snúast um sæmdina, þ.e. hvernig menn verjast og berjast til að viðhalda heiðri sínum. Sæmdin er líka rauði þráðurinn í allri hegðun persónanna í

Laxdælu. Kjartan, Bolli og Guðrún eru uppfull af sæmdarhugsjón sem heitar tilfinningar bera uppi. Ástarvandræðin eru eins og olía á eld sæmdarinnar, ást og reiði kalla fram hrekki, hefndir og gagnhefndir og loks blóðuga bardaga milli vina og frændfólks.

Í stuttu máli er ástarsagan svona: Kjartan, Bolli og Guðrún eru mikið saman. Guðrún og Kjartan eru ekki beint þar en allir reikna með að þau nái saman. Kjartan hyggst dvelja í Noregi í nokkur ár en gleymir að bera áætlunina undir Guðrúnu. Hún móðgast og vill fara með en hann bannar henni það og biður hana að bíða eftir sér í þrjú ár. Kjartan og Bolli sigla saman til Noregs, slá þar í gegn og Kjartan telst mikil hetja. Hann eignast þar vinkonu eða kærustu sem er systir kónsins og á bjarta framtíð fyrir sér hjá norsku hirðinni. Að þremur árum liðnum siglir Bolli einn heim, hann heimsækir Guðrúnu og biður hana að giftast sér. Segir að Kjartan komi kannski ekki aftur því hann eigi vingott við systur kónsins. Guðrún játast Bolla og skömmu síðar kemur Kjartan heim.

Upphefjast þá vandræðin: Bolli elskar Guðrúnu og Kjartan og Bolli elskast sem vinir og frændur. Kjartan er reiður Bolla og finnst hann hafa svikið sig. Guðrún er reið út í Bolla og finnst hann hafa skrökvað að sér, en hún er enn reiðari Kjartani fyrir að koma of seint. Kjartani finnst hann þurfa að ná hefndum gagnvart Bolla, Bolli reynir lengi vel að halda friðinn en auðvitað snýst allt upp í átök, hefndir og gagnhefndir uns frændurnir berjast upp á líf og dauða.

Eins og í mörgum Íslendingasögnum eru konurnar enn hefningjarnari en karlarnir. Þær halda hefndarhugsjóninni gangandi þótt karlarnir vilji slíðra sverðin eða helstu gerendur séu fallnir frá. Í Laxdælu eru það Guðrún Ósvífursdóttir, kona Bolla, og Þorgerður Egilsdóttir, móðir Kjartans, sem segja má að séu verðir blóðhefndarinnar. Guðrúnu má í raun kalla aðalpersónu sögunnar enda fylgir sagan henni langt fram á efri ár, löngu eftir að Kjartan og Bolli hafa verið drepnir. Guðrún á líka eftirminnlegasta tilsvær sögunnar, sem menn hafa lengi glímt við að túlka. Hún er gömul kona og hefur verið fjórgift þegar Bolli Bollason, sonur hennar, spyr hana hverjum hún hafi mest unnað. Guðrún svarar: „Þeim var ég verst sem ég unni mest.“ Lesendum er sjálfum látið eftir að ráða í svarið.

1. kafli

Unnur djúpúðga

Helstu atriði:

Landnámið á Íslandi. Sagan þekkta um Harald hárfagra og aðför hans að höfðingjum í Noregi. Ættmóðir aðalpersónanna kynnt. Stórættuð og konungleg, bæði gift konungi og móðir konungs. Hið konunglega fas mun svo einkenna helstu persónur sögunnar. Aðalpersóna kaflans: Unnur djúpúðga – athugið þetta er sama manneskja og heitir Auður djúpúðga í Landnámu og víðar.

Efnisspurningar:

1. Hver var Ketill flatnefur?

Hann var ríkur maður og frægur í Noregi.

2. Hvers vegna flýði Ketill frá Noregi?

Haraldur konungur var grimmur við höfðingja eins og hann.

3. Hvers vegna vildu synir Ketils fara til Íslands?

Þeir höfðu heyrt að landkostir væru þar góðir og ekki þyrfti að greiða fyrir jarðir.

4. Hvert fór Ketill flatnefur í staðinn?

Ketill fór til Skotlands.

5. Hver var Unnur djúpúðga?

Hún var dóttir Ketils og sigldi með honum til Skotlands.

6. Hvað er sagt um Ólaf hvíta?

Hann var mikill víkingur og herkonungur. Hann var drepinn í hernaði.

7. Hvernig dó Þorsteinn rauður?

Skotar réðust á hann og drápu hann.

8. Hvað lét Unnur smíða í leynd?

Hún lét smíða knörr sem er víkingaskip.

9. Hvar nam Unnur land?

Unnur nam alla Breiðafjarðardali.

10. Hvað var að gerast þegar Unnur dó?

Í gangi var brúðkaupsveisla fyrir sonarson Unnar.

Önnur verkefni:

1. Margir víkingar báru viðurnefni sem eru eins konar uppnefni – en munurinn er þó sá að þau eru notuð sem hrós. Lestu hliðarefnið á síðu 10 og hugleiddu

hvernig viðurnefni urðu til á víkingaöld. Búðu svo til viðurnefni fyrir fjölskyldu þína, vini eða eitthvert frægt fólk – en mundu að þetta eiga vera jákvæð viðurnefni sem hrósa. Hvaða viðurnefni myndir þú hafa fengið á víkingaöld?

2. Hér er ekki sagt mikið frá Ólafi hvíta og Þorsteini rauð. Búðu til sögu um annan hvorn þeirra út frá því litla sem sagt er um þá. Hvar var söguhetjan þín að berjast? Hvernig var bardaginn? Hvernig dó söguhetjan? Þú ræður hvort þetta er skrifuð saga eða myndasaga.
3. Hvaða leið sigldi Unnur til Íslands? Merktu inn á landakort eða búðu til kort af leiðinni.

Hvað er þetta löng leið? Hér síða á netinu sem þú getur notað til að finna fjarlægðirnar:

<http://www.indo.com/distance/>

Athugaðu að þú þarft að slá inn borgir á ensku. Svo þarf að leggja allar tölurnar saman í lokin.

4. Skoðaðu hvernig landssvæði og náttúra fá nafn þegar Unnur nemur land á Íslandi. Í kaflanum er til dæmis sagt frá því hvernig heitin Dögurðarnes og Kambsnes urðu til. Slík nöfn kallast örnefni.

Búðu til ný örnefni í nágrenni skólans þíns. Þú getur til dæmis rifjað upp hvort eitthvað merkilegt hefur gerst nálægt skólanum eða skoðað hvað þú sérð út um gluggann. Teiknaðu skólann og umhverfi hans og merktu nýju örnefnin inn á myndina. Skýrðu líka hvernig örnefnin urðu til (búðu til sögu um þau).

2. kafli

Höskuldur og Melkorka

Helstu atriði:

Aðalpersónur kaflans eru Höskuldur Dala-Kollsson, afkomandi Unnar djúpuðgu og Melkorka Mýrkjartansdóttir. Einnig skiptir máli að taka eftir Jórinni konu Höskuldar og Ólafi litla Höskuldssyni sem verður mikilvæg persóna í sögunni.

Höskuldur siglir utan, fer á markað í Brenneyjum og kaupir ambátt. Kaupmaðurinn varar hann við, ambáttin sé mállaus. Höskuldur hefur ambáttina með sér til Ísland. Jórinni líst illa á þessa viðbót við heimilisfólkið enda er ambáttin augljóslega frilla Höskuldar.

Ambáttin fæðir son þeirra Höskuldar sem Höskuldur nefnir Ólaf. Höskuldur heyrir ambáttina spjalla við Ólaf og kemst að því að hún er ekki mállaus. Ambáttin segir sögu sína, hún er Melkorka kóngsdóttir frá Írlandi. Þessi frásögn er mikilvæg því hún undirstrikar konunglegan uppruna helstu söguhetja Laxdælu. Ólafur Höskuldsson er faðir Kjartans, helstu hetju sögunnar. Hér kemur líka fram hvernig söguhetjurnar settust að í Laxárdal, Höskuldur sendir Melkorku frá sér og fær henni bústað í dalnum.

Efnisspurningar:

1. Hvað hét konungurinn sem Höskuldur heimsótti?

Hákon Aðalsteinsfóstri, Noregskonungur. (Hann er kenndur við Aðalstein Englandskonung).

2. Hvernig er Jórinni, eiginkonu Höskuldar lýst?

Jórunn var væn (góð) kona og vitur.

3. Hvar var kaupstefnan haldin ?

Í Brenneyjum.

4. Hver var Gilli hinn gerski?

Kaupmaður í Brenneyjum.

5. Hvað ætlaði Höskuldur að kaupa af Gilla?

Ambátt.

6. Hvaða ókost sagði Gilli að ambáttin hefði?

Hann sagði að hún væri mállaus.

7. Hvað gaf konungur Höskuldi í Noregi?

Gullhring og dýrmætt sverð.

8. Hvernig brást Jórunn við því að ambáttin flutti inn á heimilið með Höskuldi?

Hún brást illa við (í lok kaflans kemur fram að þær slást).

9. Hvað hét sonur Höskuldar og ambáttarinnar?

Ólafur.

10. Hvernig komst Höskuldur að því að ambáttin var ekki mállaus?

Hann heyrði hana ræða við Ólaf litla.

11. Hver var ambáttin í raun og veru?

Hún hét Melkorka og var dóttir Mýrkjartans konungs á Írlandi.

12. Hvert sendi Höskuldur Melkorku og Ólaf eftir að þær Jórunn lentu í átökum?

Hann lét hann hafa bæ í Laxárdal.

Önnur verkefni:

1. Höskuldur siglir til Brenneyja og fer á kaupstefnu þar. Kaupstefna er markaður og þar er verslað með ýmsa hluti. Hvað haldið þið að hafi verið til sölu þarna?
2. Skoðið skýringarnar til hliðar við textann á bls. 12. Teiknið svo mynd af Gilla kaupmanni í guðvefjarklæðum með gerskan hatt á höfði.
3. Gilli er með tólf stúlkur til sölu í tjaldinu sínu. Setjið ykkur í spor stúlnanna, hvernig haldið þið að þeim líði? Hvernig líður Melkorku sem reynir að fela sig (situr út við tjaldskörina)?
4. Á þessum tíma var þrælahaald löglegt og býsna algengt meðal víkinga. Víkingarnir rændu fólki þar sem þeir réðust á land, til dæmis á Bretlandseyjum (Skotlandi, Írlandi), og seldu það sem þræla og ambáttir. (Karlur kallast þrælar og konur ambáttir). Þetta var yfirleitt ungt og hraust fólk, jafnvel bara unglingar sem sáu aldrei fjölskydu sína aftur. Ímyndið ykkur

að þið séuð 14 ára unglíngar á Írlandi og sjáið víkingaskip nálgast. Þið vitið að víkingarnir eru að leita að þrælum og ambáttum. Hvað gerið þið? Komist þið undan? Hvað gera víkingarnir? Hvernig verður líf ykkar ef þeir ná ykkur? Lýsið þessu með leikriti, teiknimyndasögu, frásögn eða á annan hátt sem ykkur dettur í hug.

5. Í sögunni fer Höskuldur í göngutúr og heyrir að ambáttin er að tala við son þeirra. Hvað haldið þið að hún segi honum?
6. Í kaflanum kemur fram að meðal starfa ambáttar var að klæða húsbændurna úr skóm og sokkum á kvöldin. Hvað annað haldið þið að ambáttir hafi verið látnar gera?

3. kafli

Ólafur pá

Helstu atriði:

Ólafur pá (pái) Höskuldsson er orðinn fullorðinn og ekki lengur efnilegur heldur stórglæsilegur, hugrakkur, vígfirmur og konunglegur. Ólafur er 18 ára og siglir á fund afa síns, konungsins á Írlandi. Hefur með sér sönnunargögn um uppruna sinn frá móður sinni. Er svo glæsilegur og djarfur að honum býðst að verða konungur á Írlandi en hafnar því, vill frekar fara heim til mömmu sinnar. Aðalatriðið er þessi höfnun, lesendur vita að hann jafnast á við konunga. Kemst líka í venskap við Noregskonung og fær góðar gjafir frá honum. Sest loks að á Íslandi og kvænist Þorgerði dóttur Egils Skalla-Grímssonar sem er mikill kvenkostur. Þau búa á Hjarðarholti í Laxárdal.

Í kaflanum veikt Höskuldur Dala-Kollsson og synir hans deila um tilvonandi arf. Ólafur pá er frillusonur, óskilgetin og á ekki sama erfðarétt en Höskuldur vill að hann fái arf til jafns við hálfbræður sína. Einkum er Þorleikur Höskuldsson á móti þessu. Ólafur er greinilega í miklu uppáhaldi hjá Höskuldi sem gefur honum merkilegar gjafir sem hann hafði sjálfur fengið hjá Hákonni Noregskonungi Aðalsteinsfóstra. Höskuldur deyr og Ólafur heldur erfi eftir hann, rosalega veislu sem þúsund manns mæta í. Deilum bræðranna lýkur með því að Ólafur býðst til að fóstura Bolla son Þorleiks. Það þótti mikill heiður á miðöldum ef barni manns var boðið fóstur. Sá sem bauðst til að fóstura barnið var með því að segja að hinn væri meiri maður. Bolli Þorleiksson og Kjartan Ólafsson eru jafnaldrar, þriggja ára, þegar þetta gerist og alast þeir upp saman eftir þetta á heimili Ólafs og Þorgerðar.

Efnisspurningar:

1. Hvernig er Ólafi pá lýst?

Hann var vænn maður og sterkari en aðrir (sterkur svo eigi fékkst hans jafningi), allra manna fríðastur og átti glæsileg vopn og falleg föt (bjó sig vel að vopnum og klæðum).

2. Hvað gaf Melkorka Ólafi þegar hann sigldi til Írlands?

Hún gaf honum gullhring (fingurgull), hníf og belti.

3. Til hvers gaf hún honum þessa gripi?

Gripirnir áttu að sanna að hann segði rétt frá. Enginn á Írlandi hafði séð Ólaf og hann þurfti að sanna að hann væri í raun og veru afabarn konungsins.

4. Hvernig brást konungur við þegar hann sá gullhringinn sem Ólafur var með?

Hann varð rauður í framan því hann þekkti hringinn en sagði líka að mikilvægast væri hversu líkur Ólafur væri írsku konungsættinni. Síðan bauð hann Ólafi og mönnum hans til hirðar sinnar (þ.e. í heimsókn til sín).

5. Fóstra Melkorku lá í kör af elli og veikindum þegar Ólafur kom. Hvað merkir þetta?

Fóstran var rúmliggjandi. Hún var orðin gömul og veik og komst ekki fram úr rúminu.

6. Hvaða starf fékk Ólafur hjá afa sínum?

Hann var með sveit sína (hermennina sína) á konungsskipi og tók þátt í bardögum. Hann var sem sagt herforingi og stýrði víkingaskipi með mörgum víkingum.

7. Hverju svaraði Ólafur þegar afi hans bauð honum að verða konungur?

Hann sagðist ekki vilja verða konungur. Hann sagðist frekar vilja fara heim til mómmu sinnar.

8. Hvað gaf Mýrkjartan Ólafi þegar hann sigldi frá Írlandi?

Hann gaf honum spjót sem var skreytt með gulli, sverð og mikið fé.

9. Eftir þetta sigldi Ólafur til Noregs og hitti konunginn þar. Hvað gaf Noregskonungur honum að skilnaði?

Hann gaf Ólafi skip sem hann sigldi á heim til Íslands.

10. Hvaða konu giftist Ólafur þegar hann kom heim og hvar bjuggu þau?

Hann giftist Þorgerði dóttur Egils Skalla-Grímssonar, bærinn þeirra hét Hjarðarholt og var í Laxárdal.

11. Hver var Þorleikur?

Hann var hálfbróðir Ólafs, sonur Höskuldar og Jórunnar. Hann var mikill víkingur.

12. Á Alþingi bauð Ólafur til erfis eftir Höskuld. Hvað merkir þetta?

Ólafur hélt mikla veislu til að minnast föður síns sem þá var dáinn. Enn í dag er talað um erfi og erfisdrykkju þegar haldið er boð eftir jarðarför.

13. Hvað gerði Ólafur til að bæta samskiptin við Þorleik bróður sinn?

Hann bauðst til að taka Bolla son hans í fóstur og ala hann upp.

14. Hvaða litlu strákar ólust saman upp í Hjarðarholti?

Bolli Þorleiksson og Kjartan Ólafsson.

Önnur verkefni:

1. Ólafur er sendur með sönnunargögn með sér til Írlands. Hvernig mynduð þið sanna hver þið væruð ef þið væruð í sömu sporum núna?
2. Klæðnaði, vopnum og gripum Ólafs er lýst nákvæmlega í kaflanum. Það er tilvalið að búa til „dúkkulísu“ af Ólafi og skipta verkum á hópa eða einstaklinga. Hanna þarf Ólaf sjálfan, en einnig hringinn (fingurgullið), beltið, hnífinn, skjöldinn með ljónsmýndinni, krókaspjótið, brynjuna og gullskreytta sverðið.
3. Víkingarnir skreyttu skildi sína með myndum sem áttu að tákna ákveðna eiginleika. Víkingur sem bar skjöld með ljónsmýnd vildi sýna að hann hefði sams konar eiginleika og ljón. Hvaða eiginleikar haldiði að það hafi verið?
4. Hvaða eiginleika finnst ykkur eftirfarandi dýr tákna? – Fálki, hjörtur, mús, úlfur. Myndu þau öll virka sem skjaldardýr?

5. Hvaða eiginleika mynduð þið vilja sýna að þið hefðuð? Með hvaða dýri sýnið þið þessa eiginleika? Hannið ykkar eigin skjöld með dýrinu ykkar.
6. Hvað finnst ykkur um þá ákvörðun Ólafs að hafna því að verða konungur á Írlandi? Hefðuð þið gert það sama í hans sporum, að fara frekar heim til mömmu?
7. Ólafur siglir til Noregs og síðan til Íslands. Hann er moldríkur þegar hann kemur heim. Hvernig haldið þið að Agli Skalla-Grímssyni lítist á hann þegar hann segist vilja giftast Þorgerði dóttur hans? Setjið ykkur í spor Ólafs og Egils, hvernig lýsir Ólafur kostum sínum fyrir Agli? Hvað spyr Egill hann um?
8. Þorgerður Egilsdóttir er merkileg kona og eitt sinn bjargar hún lífi föður síns þegar hann liggur í þunglyndi og neitar að borða eftir að hafa misst tvo syni sína. Lesið 16. kafla í Eglu fyrir börn. Hvað segir þetta um Þorgerði?
9. Höskuldur Dala-Kollsson, faðir Ólafs, deyr í þessum kafla Laxdælu. Bræðurnir Ólafur og Þorleikur deila um arf eftir hann, það er um peningana hans. Munið að Ólafur er sonur Höskuldar og Melkorku en Þorleikur er sonur Höskuldar og Jórunnar eiginkonu hans. Hvað finnst ykkur um að Ólafur hafi ekki átt rétt á arfi eftir föður sinn af því að móðir hans var ekki eiginkona Höskuldar?
10. Höskuldur hélt mikið upp á Ólaf og gaf honum fínar gjafir. Var það rétt af honum eða hafði Þorleikur rétt á að vera reiður út í Ólaf. Hvað finnst ykkur?
11. Hvað finnst ykkur um lausn deilunnar um arfinn, það er að Ólafur tekur Bolla son Þorleiks í fóstur og að Bolli fari þriggja ára gamall frá foreldrum sínum til að alast upp hjá frænda sínum? Setjið ykkur í spor Bolla, mömmu hans og pabba hans.

12. Þessi kafli segir margt um fjölskyldur á víkingatímanum og hvernig þær gátu verið samsettar. Hér kemur fram að Höskuldur elskar Ólaf son sinn jafnmikið og syni sína sem hann á með eiginkonunni. Þorgerður og Ólafur þá taka Bolla litla í fóstur og elska hann ekki minna en sína eigin syni. Hvernig haldið þið að fjölskyldulíf hafi verið á víkingatímanum miðað við núna? Gleymið ekki að skoða það sem stendur um frillur á bls. 14.

4. kafli

Álagasverðið Fótbitur

Helstu atriði:

Aðalpersónur kaflans eru Geirmundur gnýr og Þuríður Ólafsdóttir. Kaflinn snýst um það hvernig sverðið Fótbitur kemst í eigu ættarinnar. Ólafur kynnist Geirmundi í Noregi, þeir sigla saman til Íslands og Geirmundur kvænist Þuríði dóttur Ólafs. Þau eignast dótturina Gróu. Geirmundur ætlar aftur til Noregs þegar Gróa er eins árs en Þuríður bregst reið við. Hún hefnir sín með því að skipta á Gróu og sverði Geirmundar. Geirmundur reiðist og leggur á lög á sverðið, að það verði þeim manni að bana í ætt Þuríðar sem mestur skaði er að. Geirmundur siglir til Noregs og þar ferst skip hans og væntanlega þau Gróa litla með því. Þuríður gefur Bolla frænda sínum sverðið, hann er uppeldisbróðir hennar. Leggið áherslu á álög sverðsins og hver eignast það (síðar kemur í ljós að Bolli mun fella Kjartan með því).

Efnisspurningar:

1. Hver var Geirmundur gnýr?

Hann var ríkur víkingur í Noregi sem giftist Þuríði Ólafsdóttur.

2. Hvers vegna reiddist Þuríður Geirmundi?

Hann ætlaði að sigla til Noregs án þess að taka þær Gróu litlu með. Hann vildi heldur ekki skilja eftir peninga handa þeim.

3. Hvað gerði Þuríður þegar Geirmundur sigldi af stað?

Hún laumaðist um borð í skip hans, tók sverðið hans en skildi stelpuna eftir í staðinn.

4. Hvernig brást Geirmundur við þegar hann uppgötvaði hvað Þuríður hafði gert?

Hann bað Þuríði að skila sverðinu og taka stelpuna, og bauð henni eins mikið fé og hún vildi.

5. Hverju svaraði Þuríður?

Hún sagði að hann skyldi aldrei fá sverðið.

6. Hvaða álög lagði Geirmundur á sverðið þegar hann sá að hann fengi það ekki til baka?

Hann sagði að sverðið myndi verða þeim manni að bana í ætt Þuríðar sem mestur skaði væri að.

7. Hver urðu örlög Geirmundar og Gróu litlu?

Skip Geirmundar fórst við Noregi og allir sem um borð voru drukknuðu.

8. Hverjum gaf Þuríður sverðið?

Hún gaf Bolla frænda sínum sverðið.

Önnur verkefni:

1. Teiknið mynd af Geirmundi og hafið lýsinguna á klæðnaði hans til hliðsjónar. Skoðið hliðarefnið efst á bls. 19.

2. Hvað finnst ykkur um það sem Þuríður gerði?
3. Af hverju haldið þið að Þuríður hafi ekki viljað skila sverðinu, sama hvað Geirmundur bauð henni mikið fé?
4. Leggið álög Geirmundar á sverðið á minnið. Þau munu skipta miklu máli seinna í sögunni. Skriði álögin á blað og hengið upp á vegg í stofunni ásamt mynd af sverðinu. Hvað haldið þið að gerist? Giskið á hvernig sverðið muni koma við sögu.
5. Rifjið upp aðrar sögur þar sem álög koma fyrir. Rætast svona álög?

Hér koma margar sögur og ævintýri til greina, til dæmis Þyrnirós. Álög verða alltaf að veruleika.

6. Hvað merkir heiti sverðsins, Fótbitur?

Sverð sem bitur fót af mönnum. Þetta var greinilega mjög beitt sverð.

7. Hvað mynduð þið kalla ykkar sverð? Búið til sverð og nefnið góðu nafni. Hvers vegna völduð þið þetta nafn? Látið sverðin passa við skildina sem þið bjugguð til með dýramyndunum. Sverðin og skildirnir gætu skreytt skólastofuna meðan Laxdæla er lesin.
8. Hvernig haldið þið að Þuríður bregðist við þegar hún fréttir að skip Geirmundar hafi farist á leið til Noregs og Gróa litla drukknað með því?

5. Kafli

Draumar Guðrúnar Ósvífursdóttur

Helstu atriði:

Hér kemur Guðrún Ósvífursdóttir fyrst við sögu en hún er lykilpersóna Laxdælu. Gestur Oddleifsson spáir fyrir Guðrúnu eftir að hafa heyrt drauma hennar. Hann spáir því að hún muni eignast fjóra eiginmenn og spáir einnig fyrir um örlög mannanna. Þegar þetta gerist er Guðrún kornung, 15 ára. Við vitum að spádómar Íslendingasagnann rætast alltaf og fylgjumst því með hjónaböndum Guðrúnar.

Efnisspurningar:

1. Hvernig er Guðrúnu Ósvífursdóttur lýst? Notið ykkar eigin orðalag.

Hún var falgri og klárari en aðrar ungar stúlkur (bar af öðrum ungum stúlkum, bæði í útliti og að vitsmunum), kurteis, glæsileg, kæn (klók), snjöll að koma fyrir sig orði (best orði farin) og afar örlynd sem merkir bæði gjafmild og skapstór.

2. Hver var Gestur Oddleifsson?

Hann var mikill höfðingi sem margir sóttu ráð hjá. Hann gat ráðið drauma.

3. Hvað sagði Gestur að draumar Guðrúnar merktu?

Hann sagði að hún ætti eftir að eignast fjóra eiginmenn.

4. Hvernig var fyrsti draumur Guðrúnar?

Hana dreymdi að hún væri við læk með krókfald á höfði. Henni fannst faldurinn fara sér illa og kastaði honum í lækinn.

5. Hvernig réð Gestur fyrsta drauminn?

Hann sagði að Guðrún myndi lítið elska fyrsta eiginmann sinn og skilja við hann.

6. Hvernig var annar draumur Guðrúnar?

Hana dreymdi að hún væri stödd hjá vatni með dýrmætan silfurhring á hendi. Hringurinn rann af hendinni og í vatnið og þótti henni það mikill skaði.

7. Hvernig réð Gestur annan draum hennar?

Hann sagði að annar eiginmaður hennar yrði ágætur en spáði því að hann myndi drukkna.

8. Hvernig var þriðji draumur Guðrúnar?

Hana dreymdi að hún hefði gullhring á hendi, hún studdi sig við stein þegar hún datt og hringurinn brotnaði og blæddi úr brotunum.

9. Hvernig réð Gestur þriðja drauminn?

Hann sagði að þriðji eiginmaður Guðrúnar myndi hafa nýja trú. Hann spáði því að þessi eiginmaður yrði drepinn.

10. Hvernig var fjórði draumur Guðrúnar?

Hana dreymdi að hún hefði gullhjálms á höfði, skreyttan gimsteinum.
Hjálmurinn var þungur og steiptist ofan í sjó.

11. Hvernig réð Gestur fjórða draum Guðrúnar?

Hann sagði að fjórði eiginmaður hennar yrði mesti höfðinginn en spáði
því að hann myndi drukkna.

Önnur verkefni:

1. Draumar Guðrúnar eru mjög myndrænir. Tilvalið er að teikna þá hvern fyrir sig ásamt skýringum.
2. Guðrún ólst upp í Sælingsdal. Þar var heit laug – eins konar heitur pottur – sem kallaðist Sælingsdalslaug. Hvað er núna í Sælingsdal? Leitið upplýsinga á netinu, til dæmis á vefsíðu Dalabyggðar: <http://www.dalir.is/pages/byggdasafn/um-safnid/laugar/>
3. Draumar Guðrúnar skipta miklu máli í sögunni og þeir eiga allir eftir að rætast alveg eins og Gestur spáir. Hefur ykkur dreymt eitthvað sem hefur ræst? Getið þið ráðið drauma hvert annars?

6. Kafli

Óhugnanlegir spádómar

Helstu atriði:

Þessi kafli og kaflinn á undan vísa í það sem gerast mun í sögunni. Slíkir kaflar eiga að vekja eftirvæntingu og óhugnað í Íslendingasögunum. Við vitum nú að Guðrún mun eignast fjóra eiginmenn. Gestur heldur hér áfram að spá og sér fyrir að Bolli mun drepa Kjartan og eiga yfir höfði sér blóðhefnd. Hann grætur þessi örlög frændanna. Ólaf pá dreymir sjálfan draum sem bendir til að uppáhaldssonur hans verði alblóðugur, það er verði drepinn.

Efnisspurningar:

1. Hvað voru ungu mennirnir að skemmta sér við?

Þeir voru að synda í Laxá.

2. Hvað vildi Ólafur pá að Gestur Oddleifsson segði sér?

Hann vildi að hann segði hver af ungu mönnunum yrði mestur fyrir sér, það er hver þeirra yrði merkilegastur eða mesti höfðinginn.

3. Hverju svaraði Gestur?

Hann sagði að Kjartan myndi njóta mestrar virðingar – meðan hann væri á lífi.

4. Hvers vegna grét Gestur þegar hann reið á brott?

Hann grét örlög Kjartans og Bolla því hann sá fyrir sér að Bolli myndi drepa Kjartan. Þar með myndi Bolli kalla yfir sig hefnd og líka verða drepinn.

5. Hver var Harri og hvernig er honum lýst?

Harri var uxi (naut) Ólafs pá. Hann var apalgrár / gráflekkóttur, stærri en önnur naut og krafsaði eins og hestur. Harri hafði fjögur horn, þrjú ofan á höfðinu en eitt stóð beint út úr enninu.

6. Nóttina eftir að Ólafur lét fella (drepa) Harra dreymdi hann merkilegan draum. Hvað sagði konan í draumnum við Ólaf? Notaðu þín eigin orð.

Hún sagði að hann hefði látið drepa son hennar. Þess vegna myndi hann sjá sinn son alblóðugan. Hún sagðist ætla að velja þann son hans sem honum þætti vænst um.

Önnur verkefni:

1. Í upphafi kaflans eru piltarnir í sveitinni að skemmta sér við að synda í Laxá. Hvað annað haldið þið að ungt fólk hafi gert til að skemmta sér á þessum tíma?
2. Spádómar Gests um framtíð Kjartans og Bolla eru óhugnanlegir. Hvernig haldið þið að þeir muni rætast? Skrifid hjá ykkur það sem þið haldið að muni gerast í sögunni.
3. Uxanum Harra er nákvæmlega lýst og auðvelt að teikna hann eftir lýsingunni.

- Ólafur sagði vinum sínum frá draumnum um konuna en enginn þeirra gat ráðið drauminn. Hvað haldið þið að hann merki?

7. kafli

Fyrstu draumar Guðrúnar rætast

Helstu atriði:

Sagt er frá fyrstu tveimur hjónaböndum Guðrúnar sem fara alveg eins og Gestur hafði spáð. Hér sannast því að spádómar hans rætast. Guðrún giftist fyrst 15 ára en elskar Þorvald mann sinn lítið. Hún kynnist Þórði Ingunnarsyni og verður ástfangin af honum. Skilur við Þorvald með aðstoð Þórðar og er skilnaðarsökin merkileg. Hún sakar Þorvald um að klæðast kvenfötum, þ.e. að vera ekki karlmannlegur. Síðar spyr Guðrún Þórð hvort rétt sé að kona hans gangi í karlmannsfötum og sé kölluð bróka-Auður. Þórður segir þá skilið við Auði konu sína. Í annað sinn er því kynbundinn klæðaburður notaður sem afsökun fyrir skilnaði. Um þetta hefur mikið verið skrifað í fræðaheiminum enda vekur kaflinn margar spurningar um kynhlutverk og ímyndir kynjanna á víkingatímanum. Þórður verður annar eiginmaður Guðrúnar þegar hún er um 17 ára gömul. Fyrir honum fer eins og Gestur hafði spáð, hann drukknar og syrgir Guðrún hann mjög.

Efnisspurningar:

1. Hver var fyrsti eiginmaður Guðrúnar Ósvífursdóttur?

Hann hét Þorvaldur.

2. Hvað hét maðurinn sem varð vinur eða kærasti Guðrúnar meðan hún var gift Þorvaldi?

Hann hét Þórður Ingunnarson.

3. Hver var kona Þórðar?

Hún hét Auður.

4. Hvað ráðlagði Þórður Guðrúnu að gera til að skilja við Þorvald?

Hann sagði henni að sauma handa honum skyrtu og hafa hálsmálið flegið niður á brjóst. Þá gæti hún sagt að hann gengi í kvenmannsfötum og skilið við hann út af því.

5. Hvað sagði Guðrún við Þórð til að fá hann til að skilja við Auði?

Hún spurði hann hvort það væri rétt að Auður gengi í karlmannsbrókum og væri kölluð bróka-Auður. Það væri jafnslæmt og ef karlmaður gengi í kvenskyrtu.

6. Hvar bjuggu Guðrún og Þórður eftir að þau giftust?

Þau settust að á Laugum hjá foreldrum Guðrúnar.

7. Hvernig hefndi Auður sín?

Auður reið til Lauga, gekk inn í bæinn og að lokrekkju Þórðar og stakk hann með hníf.

8. Hver urðu endalok Þórðar?

Galdrahjón göldruðu óveður yfir skip hans þegar hann var á siglingu. Skipinu hvolfði og Þórður drukknaði.

Önnur verkefni:

1. Guðrún var 15 ára þegar hún giftist Þorvaldi sem hún elskaði lítið. Á þessum tíma var þetta algengur giftingaraldur og réð faðir stúllkunnar hverjum hún giftist. Hjónabandið var þá gjarnan hugsað sem bandalag milli fjölskyldna eða ætta frekar en að ástin fengi að ráða. Hvað finnst ykkur um þetta fyrirkomulag?
2. Piltar réðu því frekar hverri þeir giftust en þeir þekktu samt ekki endilega stúlkunnar áður en þeir báðu um hönd þeirra (spurðu feður þeirra hvort þeir mættu giftast þeim). Hvernig haldið þið að ókunnugu fimmtán eða sextán ára fólki hafi gengið að búa saman eftir að það giftist?
3. Haldið þið að brúðkaupsfyrirkomulagið sé betra eða verra núna? Hvað hefur breyst? Hvernig hefur staða stúlkna breyst hvað þetta varðar?
4. Haldið þið að þetta hafi breyst alls staðar í heiminum?
5. Í mörgum löndum ráða feðurnir enn hverjum dæturnar giftast, til dæmis í Afganistan og á Indlandi. Hvað haldið þið að gerist þegar fólk frá þessum löndum sest að á Norðurlöndunum þar sem þessi siður er löngu horfinn? Ímyndaðu þér að þú sért 16 ára stúlka frá Afganistan og búir á Íslandi. Pabbi þinn hefur ákveðið að þú eigir að giftast syni vinar hans. Þú ert hins vegar skotin í bekkjarbróður þínum. Hvað gerirðu? Ímyndaðu þér líka að þú sért sonur vinar pabbans og heyrir að það sé búið að finna handa þér brúði sem þú hefur aldrei séð. Hvað gerirðu? Viltu giftast henni?
6. Hugsið um aðferðirnar sem Guðrún og Þórður nota til að skilja við maka sína. Guðrún sakar Þorvald um að ganga í kvenskyrtu og Þórður sakar Auði um að ganga í karlmansbrókum. Hvers vegna haldið þið að þetta hafi þótt svona hræðilegt?

7. Væri hræðilegt núna ef karl sæist í kvenskyrtu eða kona í karlmansbuxum?
Hvað hefur breyst – eða hefur kannski ekkert breyst?
8. Hvernig eru fötin sem krakkarnir í bekknum eru í? Gætu strákarnir farið í föt stelpnanna og stelpurnar í föt strákanna? Er einhver munur? Ætti að vera munur? Hvað finnst ykkur?
9. Að einu leyti hefur aðgreining kynjanna í klæðnaði breyst. Það er í litavali. Ekkert bendir nefnilega til þess að strákar og stelpur hafi eignað sér mismunandi liti í gamladaga. Bleikur virðist frekar tilheyra stelpuheiminum núna en áður fyrr gengu karlar, ekki síst konungar, gjarnan í vínrauðu og bleiku. Hvers vegna ætli strákar velji síður þessa liti núna?
10. Í lok kaflans er stuttlega sagt frá viðskiptum Þórðar og galdrahjóna nokkurra. Búið til sögu eða myndasögu um samskipti þeirra. Hvað getið þið ímyndað ykkur að þau hafi deilt um? Hvernig göldruðu þau óveður yfir skip Þórðar?
11. Rifjið upp fyrstu tvo drauma Guðrúnar og hvernig Gestur Oddleifsson réð þá. Hvernig passar þetta við fyrstu hjónabönd Guðrúnar?

8. kafli

Fóstbræður og frændur

Helstu atriði:

Hér er sagt frá því hvernig Þorleikur bróðir Ólafs hverfur úr sögunni eftir að hafa staðið með galdrahyski sem drap frænda þeirra bræðra. (Þetta eru sömu galdrahjónin og göldruðu óveður yfir skip Þórðar í 7. Kafli). Ólafur situr í Hjarðarholti í mikilli sæmd og synir hans fimm hjá honum. Kjartani Ólafssyni er lýst og Bolla fóstbróður hans, og ferðum þeirra í Sælingsdalslaug að hitta Guðrúnu. Greinilegt að þetta fólk er efnilegasta og glæsilegasta fólk héraðsins og allir reikna með að Kjartan og Guðrún verði hjón.

Efnisspurningar:

1. Hver var sá eini sem stóð með galdrahjónunum eftir að þau unnu ýmis illvirki?

Það var Þorleikur bróðir Ólafs pá.

2. Hvernig fór fyrir galdrahjónunum?

Ólafur hefndi fyrir dráp frænda síns með því að drepa galdrahjónin.

3. Hvað varð um Þorleik?

Hann þurfti að flýja úr landi því menn voru reiðir út í hann fyrir að hafa staðið með galdrafólkinu. Þorleikur fór til Danmerkur.

4. Kjartan Ólafsson var sterkur eins og afi hans. Hver var þessi sterki afi?

Hann hét Egill Skalla-Grímsson.

5. Hver var næststerkasti maðurinn í sveitinni, sá sem var næstbestur í öllum íþróttum á eftir Kjartani?

Það var Bolli Þorleiksson, frændi hans og fóstbróðir.

6. Hvert fóru Kjartan og Bolli oft í heimsókn í þessum kafla og hver bjó þar?

Þeir fóru til Lauga í Sælingsdal / í Sælingsdalslaug. Þar bjó Guðrún Ósvífursdóttir.

7. Hvers vegna leist Ólafi þá illa á ferðir Kjartans til Lauga? Hvað grunaði Ólaf þá?

Hann grunaði að samskipti Kjartans og Guðrúnar yrðu ekki gæfurík. Það er að engin hamingja myndi stafa af þessum heimsóknum.

Önnur verkefni:

1. Skoðið lýsingarnar á Kjartani og Bolla. Þetta eru dæmigerðar mannlýsingar úr Íslendingasöggunum, nákvæmar fyrir útlit, framkomu, áhugamál og hegðun. Búið til myndir af fóstbræðrunum sem passa við þessar lýsingar.
2. Gætuð þið búið til svona nákvæmar lýsingar á vinum ykkar? Lýsið einum bekkjarfélagi svona og athugið hvort aðrir átti sig á því við hvern er átt. Munið að þið eruð að lýsa kostum, þetta á að vera jákvæð lýsing. (Hér er rétt að láta krakkana draga um hverjum þeir eigi að lýsa svo enginn verði útundan).
3. Skoðið aftur lýsingu Kjartans og Bolla. Hvað sýnist ykkur að fólk hafi metið mest á þessum tíma? Hvernig átti fólk að vera eða hegða sér, í hverju var best að vera góður?

4. Það var allra manna mál að Kjartan og Guðrún væru miklir jafningjar. Hvað merkir þetta? Hvað heldur fólk að gerist? (Orðrómurinn í sveitinni er að .au muni giftast).
5. Skoðið lýsinguna á íþróttum til hliðar við textann neðst á bls. 28. Flokka menn íþróttir eins núna?
6. Á þessum tíma þótti best að vera bæði góður í líkamlegum íþróttum (til dæmis að synda og hlaupa) og andlegum (til dæmis að kveða kvæði). Fer þetta ennþá saman? Vitið þið til dæmis hvaða íþróttamenn lesa mikið eða kunna að yrkja kvæði? Hvernig finnst ykkur að þetta ætti að vera?

9. kafli

Kjartan mætir Ólafi Noregskonungi

Helstu atriði:

Kjartan kaupir hlut í skipi og ákveður að sigla til Noregs. Bolli auðvitað með því þeir frændur gera allt saman. Mikilvægt að Kjartan spyr hvorki föður sinn né Guðrúnu um ráð en altalað er í sveitinni að þau Guðrún séu þar. Guðrún tekur fréttunum skiljanlega illa og vill fara með. Kjartan vill ekki taka Guðrúnu með en segir henni að bíða sín í þrjú ár. Þau skiljast því ósátt og Guðrún lofar engu. Kjartan og Bolli sigla út. Ólafur Tryggvason er þá Noregskonungur en hann er fyrsti kristniboðskonungur Noregs og sá sem kristnar Íslendinga. (Hér er því hægt að tengja við Íslandssöguna enda kemur kristnitakan við sögu í næsta kafla). Mikilvægt er að skoða hvernig Kjartan keppir við Ólaf konung í sundi án þess að vita að um konunginn er að ræða. Keppnin sýnir að Kjartan er sterkur og syndur eins og konungur, enn eitt dæmið um hversu konunglegir Laxdælir eru. Konungur þakkar Kjartani keppnina með því að gefa honum skikkju sem sýnir að Kjartan getur klætt sig eins og konungur, hann ber af öðrum venjulegum mönnum.

Efnisspurningar:

1. Hver seldi Kjartani hálf skipið sitt?

Það var Kálfur Ásgeirsson.

2. Hvernig brást Guðrún við þegar hún frétti að Kjartan ætlaði burt frá Íslandi?

Hún tók fréttunum illa og bað Kjartana að taka sig með til Noregs.

3. Hvernig tók Kjartan hugmyndinni um að Guðrún færi með?

Hann sagði að hún ætti að vera heima að hugsa um bræður sína og föður.
Hann bað hana að bíða eftir sér í þrjú vetur (þrjú ár).

4. Hvernig tók Guðrún hugmyndinni um að hún biði í þrjú ár eftir Kjartani?

Hún vildi ekki lofa Kjartani neinu.

5. Hver var konungur í Noregi þegar Kjartan og Bolli komu þangað?

Hann hét Ólafur Tryggvason.

6. Hvað boðaði Ólafur Tryggvason?

Hann boðaði kristna trú.

7. Í hverju kepptu Kjartan og bæjarmaðurinn?

Þeir kepptu í sundi / kaffæringum.

8. Hver var þessi bæjarmaður?

Þetta var Ólafsur konungur Tryggvason.

9. Hvað gaf konungurinn Kjartani eftir sundið?

Hann gaf hinum glæsilega skikkju.

Önnur verkefni:

1. Hvað finnst ykkur um ákvörðun Kjartans að sigla til Noregs. Hefði hann þurft að ræða þetta við Guðrúnu?
2. Hvað finnst ykkur um það að hann biðji Guðrúnu að bíða eftir sér í þrjú ár? Hvað hefðuð þið gert í hennar sporum?
3. Ólafur Tryggvason var merkilegur konungur. Hvaða upplýsingar getið þið fundið um hann á netinu?
4. Ólafur Tryggvason boðaði nýja trú sem var kristni. Hvaða trú höfðu norrænir menn áður?
5. Lýsingin á sundkeppninni er vel til þess fallin að búa til teiknimyndasögu. Skoðið líka hliðarefnið á bls. 30, þar er sagt um hvers konar sund var að ræða.
6. Samskipti Kjartans og konungsins sýna hversu merkilegur og konunglegur Kjartan er. Hann er næstum jafnstærkur og flinkur að synda og konungurinn og getur gengið í fötunum hans. Rifjið upp fyrri sögur sem sýna hversu konunglegir Laxdælir eru. Hvaða frásagnir í bókinni eru það?

Ath. Unni djúpúðgu og hennar fólk, söguna af Melkorku og ferð Ólafs pá til Írlands.

7. Á bls. 31 er merki Íslendingafélagsins í Þrándheimi sem sýnir sundkeppni Kjartans og konungsins. Hvað sýnir merkið? Hvað tákna litirnir í því?

10. kafli

Kjartan og Bolli taka kristni

Helstu atriði:

10. og 11. kafli tengjast mjög kristnitökunni á Íslandi. Kjartan og Bolli eru í Noregi, fyrst andsnúnir konungi og kristinni trú en taka síðan skírni og þar með kristni.

Noregskonungur tekur Kjartan og fleiri höfðingjasyni í gíslingu til að flýta fyrir kristnun Íslands. Trúboð á Íslandi og loks kristnitakan á Þingvöllum sem Bolli er viðstaddur (þar er komið sögu í 11. kafla).

Efnisspurningar:

1. Hvernig leist Íslendingum í Þrándheimi á hina nýju trú?

Þeir höfðu enga trú á þessum nýja sið, það er þeim leist illa á að skipta um trú.

2. Hvernig leist Bolla á nýja siðinn? – Athugaðu að siður merkir trú.

Hann sagði að sér fyndist siðurinn veiklulegur. Honum leist greinilega ekki á nýju trúna.

3. Hvað vildi Kjartan gera við kónginn?

Hann vildi brenna kónginn inni.

4. Hvert fór Kjartan með lið sitt um jólin?

Hann fór með menn sína í kirkju.

5. Hvenær voru þeir Kjartan og Bolli skírðir?

Þeir voru skírðir á annan í jólum / annan dag jóla.

6. Hvernig líkaði hirðmönnum konungs við Kjartan?

Hann var svo vinsæll að öllum líkaði vel við hann í hirðinni.

7. Hvaða kosti bauð konungur Kjartani þegar hann vildi sigla til Englands?

Kjartan fékk að velja milli þess að gerast kristniboði á Íslandi eða dvelja áfram í Noregi.

8. Hvern sendi konungur til Íslands í stað Kjartans?

Þangbrandur hirðprestur konungsins fór í staðinn til Íslands.

9. Hvernig tóku Íslendingar á móti Þangbrandi? Lesið líka hliðarefnið á bls. 34.

Íslendingar tóku Þangbrandi illa og vildu ekki selja honum mat. Nokkrir menn létu skírast, það er urðu kristnir, en flestir voru á móti kristninni. Margir vildu drepa Þangbrand.

10. Hvernig brást konungurinn við þegar hann frétti hversu illa gekk hjá Þangbrandi?

Hann sendi tvo Íslendinga til Íslands til að boða kristna trú en hélt fjórum íslenskum höfðingjasonum í gíslingu í Noregi, það er hann bannaði þeim að fara heim til Íslands.

Önnur verkefni:

1. Hvað vitið þið um kristnitökuna á Þingvöllum og hvernig er sú saga í samanburði við lýsinguna í Laxdælu? Skoðið líka bls. 9 í Laxdælu.
2. Konungurinn sendi tvo kristniboða til Íslands í stað Þangbrands. Leitið upplýsinga um þessa menn á netinu eða í öðrum heimildum, hvað hétu þeir og hvað er sagt um þá?

Þetta voru Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason. Hjalti var tengdasonur Gissurar. Þeir urðu ásamt Síðu-Halli (sjá hliðarefni á bls. 34) helstu foringjar kristinna manna á Íslandi. Gissur var ættfaðir íslensku biskupanna því Ísleifur sonur hans varð fyrsti biskupinn á Íslandi.

3. Kjartan vildi brenna konunginn inni. Hvernig haldið þið að mönnum hafi litist á það?

Ef nemendur hafa unnið með barna-Njálu er tilvalið að minna á Njálsbrennu og þann óhug sem allir voru slegnir í tengslum við hana, bæði árásarliðið og þeir sem brunnu inni. Þótt mikið hafi verið bardaga og sumt ofbeldi sé slegið dýrðarljóma í Íslendingasögunum á það ekki við um brennurnar, þær þóttu illvirki.

4. Kóngur telur að besta ráðið til að kristna Íslendinga sé að fá Kjartan í lið með sér. Hvers vegna haldið þið að honum finnist þetta?

Konungurinn hefur áttað sig á því að Kjartan er foringi Íslendinganna í Noregi.

5. Ólafur konungur býður Kjartani og Bolla í jólaboð eftir að þeir eru skírðir. Hvers konar boð ætli það hafi verið? – Þetta mætti leika eða teikna.

6. Skoðið lýsingarnar á Kjartani og Bolla á bls. 33-34. Hvernig er þeim frændum lýst? Er einhver munur á þeim?

11. kafli

Þriðja hjónaband Guðrúnar

Helstu atriði:

Áfram er kristnitakan í bakgrunni. Ólafur konungur heldur fjórum íslenskum höfðingjasonum í gíslingu en sendir tvo kristniboða til Íslands til að þvinga Íslendinga til kristni. Kjartan er einn þeirra og Bolli siglir einn til Íslands með kristniboðunum. Kjartani þykir það ekki alslæmt enda á hann vingott við systur konungsins. Hér er mikilvægt að skoða hvernig Bolli og Kjartan kveðjast. Kjartan biður Bolla að skila kveðju til ættingja sinna en minnst ekki orði á Guðrúnu. Nú hefjast flækjurnar: Bolli fer til Lauga og hittir Guðrúnu. Þegar hún spyr um Kjartan segir Bolli að hann eigi vingott við systur kónungsins og að margir telji að þau muni ganga í hjónaband. Bolli heimsækir Guðrúnu og reynir að fá hana til að giftast sér og hún játast honum loks, úrkula vonar um að Kjartan snúi heim. Þetta er þriðja hjónaband Guðrúnar. Næsta sumar sleppir konungur gíslum sínum og Kjartan siglir heim. Að skilnaði gefur konungssystir honum dýrindisgjöf, motur, sem á eftir að koma þó nokkuð við sögu.

Efnisspurningar:

1. Hvers vegna varð Kjartan eftir í Noregi? – Svarið leynist í 10. kafla.

Konungurinn hafði tekið fjóra höfðingjasyni í gíslingu til að þvinga Íslendinga til að taka kristni.

2. Hvaða kona var orðin vinkona Kjartans?

Það var Ingibjörg systir konungsins.

3. Hverjum átti Bolli að skila kveðju frá Kjartani?

Kjartan bað að heilsa frændum sínum og vinum – en ekki sérstaklega Guðrúnu.

4. Með hverjum sigldi Bolli til Íslands?

Hann sigldi með kristniboðum konungsins.

5. Hvað sagði Bolli Guðrúnu um Kjartan?

Hann sagðist efast um að Kjartani kæmi bráðlega heim því hann væri góður vinur systur konungsins. Bolli sagðist halda að Kjartan og systir kóngsins myndu giftast.

6. Hvernig brást Guðrún við þessum orðum Bolla?

Hún sagði að þetta væru góðar fréttir því Kjartan þyrfti að eignast góða konu.

7. Hverju svaraði Guðrún fyrst þegar Bolli bað hennar?

Ekki þarftu slíkt að ræða Bolli, engum manni mun ég giftast meðan ég veit að Kjartan á lífi.

8. Í kaflanum er talað um glæsilega brúðkaupsveislu. Hvaða fólk var að giftast?

Það voru Bolli og Guðrún.

9. Hvað gaf Ingibjörg konungssystir Kjartani að skilnaði?

Hún gaf honum dýrindis motur, hvítan og gullskreyttan.

10. Hvað er motur? (skoðið hliðarefnið á bls. 36 og myndina á bls. 37).

Motur er dúkur úr lérefti sem konur á miðöldum vöfðu um höfuðið.

11. Hvað gaf Ólafur konungur Kjartani að skilnaði?

Konungurinn gaf honum virðulegt og fallega skreytt sverð.

Önnur verkefni:

1. Hvaða ár haldið þið að þessi kafli gerist? Hvernig vitið þið það?

Þetta hlýtur að gerast árið 1000 þar sem kristnitakan kemur við sögu.

2. Hvað er mjöðdrekkja? – Skýringin er á bls. 36. Teiknið svona mjöðdrekkju.

3. Moturinn er mikilvægur gripur í sögunni. Sniðugt er að láta nemendur búa til og hann sinn eigin motur, úr hvítu lérefti og skreyta með gylltum lit. Skrautið gæti tekið mið af skrautinu efst á blaðsíðum bókarinnar sem er dæmigert fyrir skraut á miðöldum. Það gæti líka sýnt einhvern atburð eða manneskju.

4. Þegar Guðrún heyrði að Kjartan ætti vinkonu í Noregi sagði hún að það væru góðar fréttir því Kjartan þyrfti að eignast góða konu. En hvernig leið Guðrúnu í raun og veru? Skoðið lýsinguna á henni á bls. 36. Þar stendur að hún hafi þagnað, gengið í burtu og verið rauð í framan.

5. Þegar Kjartan sagði Ingibjörgu systur konungsins að hann ætlaði heim til Íslands gaf hún honum fína gjöf handa Guðrúnu Ósvífursdóttur. En hvernig leið Ingibjörgu í raun og veru? Skoðið lýsinguna á bls. 37.
6. Næsta sumar eftir kristnitökuna og brúðkaup Bolla og Guðrúnar fréttir konungur að Ísland sé orðið kristið. Veltið því fyrir ykkur hvernig fréttir bárust milli landa á þessum tíma þegar engir símar voru til og engir fjölmiðlar. Hvernig frétti fólk hvað var að gerast í öðrum löndum?
7. Í kaflanum kemur fyrir forspá sem tengist sverði sem konungurinn gefur Kjartani. „Ég vænti þess að þú verðir eigi vopnbitinn ef þú berð þetta sverð,“ sagði konungurinn. Hvað merkja þessi orð konungsins?
8. Hvers vegna er sagt frá þessu með sverðið? Hvað haldið þið að gerist í sögunni?
9. Sverðið er sagt vera mjög skreytt svo það er tilvalið að búa það til eða teikna.

12. kafli

Kjartan kemur heim

Helstu atriði:

Kjartan kemur heim ásamt meðeiganda sínum að skipinu, Kálfi Ásgeirssyni. Kjartan fréttir af brúðkaupi Bolla og Guðrúnar og Guðrún fréttir af komu Kjartans. Kjartan sýnir engin viðbrögð en Guðrún er reið Bolla. Kjartan kvænist Hrefnu systur Kálfs. Moturinn skiptir hér miklu máli en um hann verrður síðar deilt.

Efnisspurningar:

1. Hverjir koma heim frá Noregi í upphafi kaflans?

Kjartan Ólafsson og Kálfur Ásgeirsson.

2. Af hverju sigldu Kjartan og Kálfur saman til Íslands? Rifjið upp 9. kafla.

Þeir áttu skipið saman.

3. Hvernig brást Kjartan við þegar hann frétti af brúðkaupi Bolla og Guðrúnar?

Hann sýndi engin viðbrögð / það sást ekki á honum hvernig honum leið (ekki brá hann sér við það).

4. Hvernig brást Guðrún við þegar hún frétti að Kjartan væri kominn heim?

Hún sakaði Bolla um að hafa sagt sér ósatt. Henni líkaði það illa og sá eftir Kjartani.

5. Hverju svaraði Bolli þegar Guðrún sakaði hann um að hafa sagt sér ósatt?

Hann sagðist hafa sagt henni það sem hann hélt að væri satt.

6. Hvaða stúlkur komu í heimsókn til Kjartans og Kálfs?

Hrefna systir Kálfs og Þuríður systir Kjartans.

7. Hvað buðu Kálfur og Kjartan systur sínum að gera?

Þær fengu að velja sér einhvern hlut úr stórri kistu.

8. Hvað valdi Hrefna sér úr kistunni?

Hún valdi moturinn sem systir kóngsins hafði gefið Kjartani.

9. Hvað sagði Kjartan þegar hann sá Hrefnu með moturinn?

Hann sagði að moturinn færi henni vel og að best væri að hann ætti bæði moturinn og meyna. Það er, hann vildi kvænast Hrefnu.

Önnur verkefni:

1. Skoðið viðbrögð Kjartans og Guðrúnar þegar þau heyra fréttirnar. – Kjartan fréttir að Guðrún hafi gifst Bolla og Guðrún fréttir að Kjartan sé kominn heim og hafi ekki gifst systur kóngsins. Hvernig haldið þið að þeim líði? Hver er munurinn á viðbrögðum þeirra?

2. Búið til leikþátt um það þegar Kjartan kemur til Íslands. Hver segir honum fréttirnar, hvað er sagt við hann og hvernig bregst Kjartan við? Hvernig hefðuð þið búist við – búið til nýjan endi.
3. Hver segir Guðrúnu að Kjartan sé kominn, hvað er sagt við hana og hvernig bregst hún við? Hvernig hefðuð þið búist við – búið til nýjan endi.
4. Lesið hliðarefnið á bls. 38. Þar er því lýst hvernig Kjartan og Kálfur búa fyrst eftir að þeir koma til Íslands. Þeir fara nefnilega ekki heim til sín heldur búa í tjöldum sem kallast búðir. Á sjónum þarna rétt fyrir utan er skipið þeirra bundið við festar. Hérna vantar myndskreytingu.
5. Í búðunum eru Kjartan og Kálfur með varning frá útlöndum í stórrí kistu. Hvað haldið þið að sé í kistunni þeirra? Þetta svar má alveg eins teikna.
6. Hvers vegna fannst Kálfi að Hrefna ætti ekki að velja moturinn?

Því moturinn var eini hluturinn sem Kjartan og Kálfur áttu ekki í sameiningu.

7. Hvernig hafði Kjartan eignast moturinn og hvað átti hann að gera við hann? Svárið er í 11. kafla.

Ingibjörg konungssystir hafði gefið Kjartani moturinn. Hann átti að gefa Guðrúnu moturinn þegar þau giftu sig.

8. Hvers vegna leist Hrefnu fyrst illa á að giftast Kjartani?

Hún hafði heyrt að hann hugsaði bara um eina konu.

9. Hvaða kona var það sem allir sögðu að Kjartan hugsaði um?

Það var Guðrún Ósvífursdóttir.

10. Hefðuð þið gifst Kjartani ef þið væruð í sporum Hrefnu? Hvað finnst ykkur til dæmis um þau orð Kjartans að það skipti engu máli hvað konu hann kvænist.

11. Hjónaband Kjartans og Hrefnu er gott dæmi um hversu lítið fólk gat þekkt þegar það giftst. Hvernig gekk hjónabandið? (Svarið er alveg í lok kaflans).

Það tókust góðar ástir með þeim. (Þau urðu ástfangin).

12. Hugsið nú um Kjartan. Haldið þið að hann hafi enn verið ástfanginn af Guðrúnu þegar hann kom heim?

13.kafli

Bolli reynir að sættast við Kjartan

Helstu atriði:

Óvildin milli Kjartans og Guðrúnar fer vaxandi. Feður þeirra reyna að halda þeim góðum.

Bolli reynir að sættast við Kjartan en Kjartan hafnar sáttgjöf hans, glæstum hrossum.

Augljóst er að allt mun fara í bál og brand.

Efnisspurningar:

1. Hverjir skiptust á að halda boð?

Það voru Ólafur pá og Ósvífur.

2. Hverjir fóru með þeim í boðin?

Börn þeirra fóru með þeim, þar á meðal þau Kjartan sonur Ólafs og Hrefna konan hans, og Guðrún Ósvífursdóttir og Bolli maðurinn hennar.

3. Hvað fóru margir menn með Kjartani í boðið að Laugum?

Þeir voru á þriðja tug, það merkir fleiri en tuttugu.

4. Hvað vildi Bolli gefa Kjartani til að sættast við hann?

Hann vildi gefa honum fjögur hross, einn hest og þrjár merar.

5. Hvernig tók Kjartan gjöfinni?

Hann sagðist ekki vera hrossamaður og vildi ekki þiggja gjöfina.

6. Hvernig skildust Kjartan og Bolli þegar boðinu lauk?

Þeir skildust með engri blíðu, það er þeir skildu í illu.

Önnur verkefni:

1. Hugsið um veislurnar eða boðin sem Ósvífur og Ólafur pá halda til skiptis. Þangað mæta ótrúlega margir miðað við að Kjartan tekur á þriðja tug manna með sér. Kannski eru 100 menn í hverri veislu. Flestir gista nokkrar nætur. Hvað segir þetta okkur um þá Ólaf og Ósvífur?

Þeir hljóta að vera mjög ríkir og voldugir.

2. Hvað haldið þið að sé í matinn og hvað haldið þið að sé gert til skemmtunar í svona fjölmönnum og löngum veislum?
3. Fólk ferðaðist um á hestum á þessum tíma. Ef menn komu langa leið þá þurftu þeir að hafa marga hesta með sér. Hvers konar umhverfi þurfti að vera við bæina til að taka á móti öllum gestunum?

Menn þurftu að hafa nægilegt gras / góða haga fyrir aðkomuhestana.

4. Skoðið lýsinguna á Kjartani á bls. 40. Hann er í litskrúðugum fötum með glæsileg vopn. Teiknið hann.
5. Á skildi Kjartans er kross. Hvað táknar krossinn? Berið þetta saman við skjöld föður hans, Ólafs pá, á Írlandi á bls. 15.

Kjartan er orðinn kristinn og vill sýna það með skildinum, öfugt við Ólaf pá sem valdi sér ljón til að tákna grimmd og styrk.

14.kafli

Moturinn og sverðið hverfa

Helstu atriði:

Óvildin vex. Veisla að Hjarðarholti (hjá Ólafi pá og Kjartani). Hrefna er látin sitja í öndvegi sem þýðir að hún er álitin virðulegust. Guðrún móðgast við þetta. Hér kemur moturinn aftur við sögu, Guðrún fær að skoða hann hjá Hrefnu. Sverðið konungsnautur sem Kjartan fékk í Noregi hverfur og finnst laskað og ónothæft en Kjartan átti ekki að verða vopnbitinn meðan hann hefði sverðið. Þórólfur bróðir Guðrúnar virðist hafa tekið sverðið. Næsta veisla er haldin að Laugum og þar hverfur moturinn. Þórólfur bróðir Guðrúnar á hugsanlega sök á hvarfinu. Sverðið og moturinn eru tveir bestu gripir Kjartans og Hrefnu og þau reiðast skiljanlega. Kjartan ásakar Bolla en böndin berast að Guðrúnu.

Efnisspurningar:

1. Hvers vegna brá Guðrúnu þegar Kjartan tilkynnti að Hrefna ætti að sitja í öndvegi?

Guðrún hafði alltaf notið mestrar virðingar en þetta þýddi að nú naut Hrefna meiri virðingar en hún.

2. Hvaða hlut langaði Guðrúnu svona óskaplega til að skoða í Hjarðarholti?

Hana langaði að sjá moturinn.

3. Í veislunni í Hjarðarholti hvarf dýrmætur gripur frá Kjartani. Hvaða gripur var það?

Það var sverðið konungsnautur.

4. Hvað gerði Ólafur þá þegar hann heyrði að sverðið væri horfið?

Hann lét njósna um alla sem fóru frá Hjarðarholti.

5. Hver reyndist hafa tekið sverðið?

Þórólfur bróðir Guðrúnar.

6. Hvað hafði Þórólfur gert við sverðið?

Hann hafði stungið því eða hent því ofan í keldu.

7. Næsta boð var haldið að Laugum og þá hvarf uppáhaldsgripur Hrefnu. Hvaða gripur var það?

Það var moturinn.

8. „Eigi veit ég hvort ég nenni að aka svo höllu fyrir Laugamönnum,“ sagði Kjartan. Hvað merkir þessi setning? Svarið er í hliðarefninu.

Að aka höllu fyrir einhverjum er að tapa fyrir honum. Kjartan vill ekki tapa fyrir Laugamönnum.

9. Hverju svaraði Bolli þegar Kjartan sakaði hann um að hafa staðið á bak við hvörf hlutanna?

Hann sagðist hafa búist við öðru en að Kjartan þjófkenndi sig.

10. Hvað héldu menn að hefði orðið um moturinn?

Margir sögðu að Guðrún hefði látið Þórólf bróður sinn brenna hann.

Önnur verkefni:

1. Það var mjög eftirsóknarvert að fá að sitja í öndvegi, það er í besta sætinu í veislum. Aðeins sá sem naut mikillar virðingar fékk að sitja í öndvegi. Hvað finnst ykkur um þessa reglu? Hver á til dæmis að velja hver fær að sitja í öndvegi?
2. Hvers vegna haldið þið að Guðrún móðgisti svona þegar Kjartan býður Hrefnu að sitja í öndvegi? Hvernig líður Guðrúnu? Finnið lýsingarorð sem passa við Guðrúnu
3. Núna er stundum sagt að einhver sé öndvegismaður eða öndvegiskona. Hvað haldið þið að það merki?
4. Haldið þið að Hrefna og Guðrún hafi verið vinkonur? Hvernig líkar þeim hvorri við aðra? Rökstyðjið svarið.
5. Hvers vegna er mikilvægt fyrir Kjartan að hafa sverðið Konungsnaut? Rifjið upp kafla 11.

Noregskonungur gaf Kjartani sverðið og sagði að hann yrði ekki vopnbitinn meðan hann hefði sverðið. Það merkir að hann muni ekki slasast í bardaga vopnum ef hann er með sverðið.

6. Hvers vegna heitir sverðið Konungsnautur?

Orðið merkir gjöf frá konungi (nautur er gjöf).

7. Kjartan sakar Bolla um að hafa staðið fyrir þjófnaðinum á motrinum og sverðinu. Eru þessar ásakanir sanngjarnar? Hver finnst ykkur vera sekur í málinu?

8. Guðrún varar Kjartan við að ræða þetta og segir: „En eigi þykir mér slæmt þó að Hrefna hafi litla búningsbót af motrinum héðan í frá.“ Hvað á hún við?

Orð hennar merkja að henni þyki ekki slæmt að Hrefna geti ekki lengur skreytt sig með motrinum.

15.Kafli

Kjartan dreitir Laugamenn inni

Helstu atriði:

Óvildin og deilurnar eru nú að ná hámarki. Sagt er frá miklu illvirki Kjartans er hann dreitir Laugamenn inni, það er kemur í veg fyrir að þeir komist út úr bænum og á kamarinn. Orðaskipti Hrefnu og Kjartans benda til að Guðrún sé honum enn ofarlega í huga. Bræður Guðrúnar eru nú mjög reiðir og Guðrún æf. Fullkominn fjandskapur ríkir milli Laugamanna og Hjarðhyltinga í lok kaflans.

Efnisspurningar:

1. Hvað tók Kjartan marga menn með sér til Lauga?

Hann tók 60 menn með sér.

2. Hvar var salernið að Laugum?

Það var fyrir utan bæinn (eins og kamar).

3. Hvað gerði Kjartan þegar hann kom til Lauga?

Hann lét menn sína vakta allar dyr þannig að Laugamenn komust ekki út á kamarinn.

4. Hversu lengi lokaði Kjartan Laugamenn inni?

Í þrjár nætur / þrjá sólarhringa.

5. Hvað fannst Laugamönnum um að vera dreittir inni?

Þeim fannst þetta miklu meiri svívirðing en þótt Kjartan hefði drepið einn eða tvo menn frá þeim.

6. Hverjir voru reiðastir?

Synir Ósvífurs voru reiðastir, það er bræður Guðrúnar. Guðrún var þó kannski reiðust af öllum.

7. Hvernig eru samskipti Laugamanna og Hjarðhyltinga í lok kaflans?

Það ríkir fullkominn fjandskapur milli Laugamanna og Hjarðhyltinga.

Önnur verkefni:

1. Sögnin að dreita er skyld sögninni að drita. Flettið í orðabók, hvað merkir sögnin að drita?

a. Hvað dýr er sagt að driti?

(Fuglar)

b. Getið þið fundið örnefni á Íslandi sem tengjast þessari sögn? Hvar á landinu?

(Dritvík er á Snæfellsnesi).

2. Hvað finnst ykkur um það sem Kjartan gerði? Hvernig liði ykkur að vera dreitt inni? – Hvernig haldið þið að ástandið inni í bænum sé þegar enginn kemst út á kamarinn?

3. Skoðið hvernig foreldrar Kjartans bregðast við þegar þau heyra hvað hann gerði. Hver er munurinn á viðbrögðum Ólafs pá og Þorgerðar?
4. Þorgerði finnst Laugamenn hafa unnið fyrir þessu. Hvað finnst ykkur? Áttu Laugamenn þetta skilið?
5. Skoðið samtal Kjartans og Hrefnu þegar hún spyr hvort hann hafi talað við einhvern að Laugum. Hvað haldið þið að sé á seyði? Haldið þið að Kjartan hafi talað við Guðrúnu?
6. Hvers vegna fyndist Hrefnu slæmt ef Kjartan hefði talað við Guðrúnu? - Hvers vegna er hún pirruð út í Guðrúnu?
7. Kjartan segir: „Myndi Guðrún ekki þurfa að falda sér motri til þess að vera glæsilegri en allar konur aðrar.“ Hvað meinar hann?
8. Í lok kaflans er sagt að það ríki fullkominn fjandskapur milli Laugamanna og Hjarðhyltinga. Rifjið nú upp hverjir búa á hvorum stað.

Í Hjarðarholti búa Kjartan og Hrefna og foreldrar Kjartans þau Ólafur pá og Þorgerður. Að Laugum búa Bolli og Guðrún og foreldrar Guðrúnar, og bræður hennar sem kallaði eru Ósvífurssynir.

16.kafli

Fjandskapur Kjartans og Bolla

Helstu atriði:

Nú líður að uppgjörinu. Kjartan kemur í veg fyrir að Bolli eignist land í Tungu og kaupir jörðina sjálfur. Þóririnn í Tungu gerist liðsmaður Kjartans. Guðrún setur Bolla úrslitakosti, að vera harðari við Kjartan eða yfirgefa héraði með skömm. Bolli vill enn halda friðinn en bræður Guðrúnar eru óðir. Guðrún eggjar bræður sína til að ráðast á Kjartan. Bolli neitar að fara með þeim en Guðrún eggjar hann til að fara með. Kjartan er grunlaus.

Efnisspurningar:

1. Hvar var landið sem Bolli og Kjartan vildu báðir kaupa?

Það var í Tungu.

2. Hver eignaðist landið?

Kjartan keypti landið.

3. Hvaða tvo kosti gaf Guðrún Bolla eftir að Kjartan keypti landið sem hann ætlaði að kaupa?

Hún sagði að annað hvort þyrfti hann að vera harðari í samskiptum við Kjartan eða yfirgefa héraðið með skömm.

4. Hverjir voru í fylgd með Kjartani á ferð hans um héraðið?

Það voru Þórarinn bóndi í Tungu og Án svarti.

5. Hvað sagði Þórhalla málga Laugamönnum?

Hún sagði að Kjartan væri gleddist mjög yfir að hafa keypt landið í Tungu.

6. Hvers vegna fékk Án svarti viðurnefnið hrísmagi?

Hann dreymdi að ókunnug kona kæmi til sín og tæki úr honum innnyflin en setti hrís í staðinn.

7. Hverja eggjaði Guðrún til að ráðast á Kjartan? (Orðalagið að eggja er útskýrt á bls. 49).

Hún fékk bræður sína til að ráðast á hann.

8. Hverju svaraði Guðrún þegar Bolli neitaði að fara með bræðrum hennar gegn Kjartani?

„Eigi muntu bera gæfu til að gera svo sem öllum líki, og mun lokið okkar sambúð ef þú skerst undan förinni.“ – Hún segist ætla að skilja við hann ef hann fari ekki með þeim.

9. Hvað gerði Bolli þegar hann hafði hlustað á Guðrúnu?

Hann tók vopn sín og reiða af stað með bræðrum hennar.

10. Hverjir voru saman í þessari ferð – og hversu margir?

Í liðinu voru alls 9 menn. Bolli, 5 bræður Guðrúnar, frændi þeirra (frændi Ósvífurs) og tveir synir Þórhöllu málgu.

11. Hvað voru margir menn í ferð með Kjartani?

Með Kjartani voru bara tveir menn, Þórarinn í Tungu og Án hrísmagi.

12. Hvar földu bræður Guðrúnar og lið þeirra sig?

Þeir földu sig í Hafragili.

13. En hvar var Bolli?

Bolli lá uppi á gilsbrúninni.

Önnur verkefni:

1. Skoðið viðbrögð Guðrúnar og samtöl þeirra Guðrúar og Bolla. Hver er munurinn á viðhorfum þeirra til Kjartans?
2. „Bræður Guðrúnar gagnrýndu Kjartan en Bolli lét sem hann heyrði það ekki eins og jafnan er Kjartani var hallmælt.“ Hvað segir þetta um viðhorf Bolla til Kjartans?
3. Er Guðrún sátt við það hvernig Bolla tekur hegðun Kjartans?
4. Af hverju vill Bolli ekki ráðast á Kjartan?

5. Draumur Áns hrísmaga þykir boða mikil tíðindi. Hvað haldið þið að hann merki?
Hvað á eftir að koma fyrir Án?
6. Skoðið hvernig Guðrún eggjar bræður sína til að ráðast á Kjartan. Hún segir til dæmis: „Þykir mér borin von að þið **þorið** Kjartan heim að sækja fyrst þið **þorið** eigi að finna hann nú.“ Af hverju finnst bræðrum hennar að þeir verði að gera eins og hún segir? Hvað vilja þeir ekki vera?
7. Hverju hótar Guðrún Bolla? Hvað er það sem hann getur alls ekki hugsað sér að gerist?

6-7. Að vera sagðir huglausir er það versta sem bræður hennar geta hugsað sér en það versta sem Bolli getur hugsað sér er að Guðrún skilji við hann.
8. Elsti bróðir Guðrúnar heitir Óspakur. Hvað merkir nafnið? Flettið í orðabók og gáið hvað það merkir að vera spakur. Óspakur er andheiti þess.
9. Hvernig maður er Óspakur miðað við hvað nafnið merkir?
10. Þórhalla málga kjaftar frá ferðum Kjartans. Hún er flökkukona sem ferðast milli bæja. Í Íslendingasögunum bera svona konur gjarnan fréttir og slúður um sveitina. Hvernig berast slúður og kjaftasögur núna?

17.kafli

Bardagi Bolla og Kjartans

Helstu atriði:

Þá er komið er því sem er orðið óumflýjanlegt, uppgjöri Kjartans og Bolla. Bolli er enn tregur til að berjast við fóstbróður sinn og frænda. Bræður Guðrúnar koma í veg fyrir að hann geti varað Kjartan við. Kjartan er með lélegt sverð því hann hefur ekki sverðið Konungsnaut. Kjartan eggjar Bolla til að berjast við sig. Bolli er með sverðið Fótbit. Óspakur eggjar Bolla líka. Bolli lætur loks undan. Hann heggur Kjartan en iðrast þegar verksins. Kjartan deyr í fangi Bolla.

Efnisspurningar:

1. Af hverju drógu Ósvífurssynir Kjartan niður af gilbrúninni?

Þeir héldu að hann ætlaði að vara Kjartan við.

2. Hvert fleygði Kjartan spjóti sínu?

Hann kastaði því í gegnum skjöld eins bræðranna og í handlegginn á honum.

3. Á hvern réðust synir Þórhöllu málgu?

Þeir réðust á Þórarin í Tungu.

4. Á hverja réðust Ósvífurssynir (bræður Guðrúnar?)

Þeir réðust á Kjartan og Án.

5. Á hverja réðist Bolli í upphafi bardagans?

Bolli réðist ekki á neinn, heldur stóð hjá og fylgdist með bardaganum.

6. Hvað gerði Kjartan til að rétta sverðið sitt þegar það beyglaðist?

Hann steig á það til að rétta það.

7. Hvaða sverð var Bolli með?

Bolli var með sverðið Fótbit.

8. Hverjir hvöttu Bolla til að taka þátt í bardaganum?

Það gerðu bæði Kjartan og bræður Guðrúnar.

9. Hvernig lauk bardaganum?

Bardaganum lauk með því að Bolli drap Kjartan. Kjartan dó í fanginu á Bolla.

10. Hvernig tók Guðrún fréttunum af dauða Kjartans?

Hún tók bræðrum sínum fagnandi og lét vel yfir verkum þeirra – hún gladdist yfir fréttunum.

Önnur verkefni:

1. Bardaginn er tilvalið efni í teiknimyndasögu. Byrjið söguna þar sem Bolli liggur á gilbrúninni og endið þar sem Kjartan deyr í fanginu á honum.
2. Hugsið um sverð frændanna. Af hverju er sérstaklega tekið fram að Kjartan er ekki með sverðið Konungsnaut? Rifjið upp hvaða töfra sverðið Konungsnautur átti að hafa. Rifjið líka upp hvað kom fyrir sverðið.
3. Rifjið upp hvernig Bolli eignaðist Fótbít. Hvaða álög hvíldu á Fótbít? Urðu þessi álög að veruleika?
4. Óspakur segir að Kjartan verði erfiðari ef hann komist undan og þá muni þeir allir deyja. Af hverju segir hann það?
5. Kjartan segir við Bolla: „Víst ætlar þú nú frændi að fremja níðingsverk en miklu betra þykir mér að þiggja banaorð af þér en veita það.“ Hvað meinar Kjartan?
6. Kjartan virðist frekar vilja deyja en drepa Bolla. Finnst ykkur það skiljanlegt? Hvað hefðuð þið gert í hans sporum?
7. Með hvorum haldið þið, Kjartani eða Bolla? Hvor finnst ykkur meiri hetja?
8. Hvernig haldið þið að Bolla líði þegar hann hefur höggvið Kjartan? Hvað bendir til þess að honum þyki þetta leitt?

Skoðið síðustu línurnar á bls. 51 og svar Bolla þegar hann ræðir við Guðrúnu á bls. 52. Þar kallar hann dauða Kjartans óhapp.

9. Þegar Bolli kom heim til Guðrúnar var nón dags. Hvað þýðir það? Hvað er klukkan þegar nón er? Skoðið hliðarefnið á bls. 52 og teiknið klukkan sem þið merkið gömlu eyktirnar inn á. Þið þurfið að teikna eina klukku fyrir nótt og eina fyrir dag.
10. Hvernig haldið þið að menn hafi vitað hvað tímanum leið þegar þeir áttu ekki úr? Hversu nákvæmlega haldið þið að menn hafi getað sagt hvað „klukkan“ var?
11. Hvað finnst ykkur um viðbrögð Guðrúnar? Af hverju finnst henni gott að Hrefna gangi ekki hlæjandi að sænginni? (fari ekki glöð að sofa).
12. Bolli segir við Guðrúnu: „það grunar mig að þér brigði minna við þó að ég lægi eftir á vígvellinum.“ Hvað á hann við?
13. Getur verið að Guðrún sé þrátt fyrir allt hrifin af Kjartani? Hvers vegna skipaði hún þá bræðrum sínum og Bolla að ráðast á hann?
14. Með hvorri haldið þið, Hrefnu eða Guðrúnu? Hvor mynduð þið vilja vera?

18. kafli

Þorgerður krefst hefna eftir Kjartan

Helstu atriði:

Hrefna syrgir Kjartan og hverfur úr sögunni. Ólafur þá reynir enn að stilla til friðar. Þegar Ólafur deyr stígur Þorgerður ekkja hans fram og krefst hefnda fyrir Kjartan. Hún eggjar syni sína, bræður Kjartans, til hefnda. Fer svo með þeim í hefndarförina. Til bardaga kemur og Bolli er veginn.

Efnissurningar:

1. Hvernig lauk ævi Hrefnu?

Hún sprakk úr harmi því hún syrgði Kjartan svo sárt.

2. Hver kom í veg fyrir að bræður Kjartans réðust á Bolla?

Ólafur þá, faðir þeirra, kom í veg fyrir það.

3. Á hverja réðust Ólafssynir þá?

Þeir réðust á syni Þórhöllu málgu og drápu þá.

4. Hvernig lýkur sögu Ósvífurssona?

Þeir voru dæmdir sekir og sendir úr landi.

5. Hver tók við bænum Hjarðarholti þegar Ólafur dó?

Halldór Ólafsson tók við bænum en Þorgerður móðir hans bjó þar áfram.

6. Hvert fluttu Bolli og Guðrún?

Þau fluttu í Tungu.

7. Hvað hét sonur Bolla og Guðrúnar sem fæddist í Tungu?

Hann hét Þorleikur.

8. Hver eggjaði Ólafssyni til að hefna Kjartans?

Það gerði móðir þeirra, Þorgerður Egilsdóttir.

9. Hvað voru margir í liðinu sem réðst á Bolla og hverjir voru það?

Þetta voru Þorgerður og synir hennar fjórir og fimm frændur þeirra og vinir, alls tíu manns.

10. Hvar voru Bolli og Guðrún þegar lið Ólafsson fann þau?

Þau voru við heyskap í seli sínu.

11. Hvað fór Guðrú að gera þegar árásarliðið kom?

Hún fór niður að læk að þvo þvott.

12. Hver féll fyrstur í bardaganum?

Án hrísmagi féll fyrstur.

13. Hvað gerði Helgi Harðbeinsson?

Helgi stakk spjóti sínu gegnum skjöld Bolla og í hann sjálfan.

14. Hver drap Bolla að lokum?

Steinþór Ólafsson hjó af honum höfuðið.

Önnur verkefni:

1. Þegar Ólafur þá bannar sonum sínum að ráðast á Bolla þá ráðast þeir á syni Þórhöllu málgu og drepa þá. Hvað finnst ykkur um þessa árás Ólafssona? Skoðið hliðarefnið á bls. 53.
2. Af hverju haldið þið að Ólafur hafi ekki viljað lögsækja Bolla?
3. Rifjið nú upp hvar Bolli ólst upp og hverjir voru fósturforeldrar hans og fósturbræður. Hvað finnst ykkur um það að Þorgerður skuli hafa hvatt syni sína til að drepa Bolla?
4. Hvað merkir málshátturinn „einn er aukvisi ættar hverrar“? Svarið er í hliðarefninu á bls. 54.
5. Hversu jafn er bardaginn? Hvað eru margir í liði Ólafssona og hvað eru margir í liði Bolla?

Bolli berst einn við 9 menn. Þau Guðrún eru ein í selinu en hún berst ekki. Í líði Ólafssona eru 10 menn en Þorgerður berst ekki heldur.

6. Rifjið upp draum Áns hrísmaga og skoðið hliðarefnið á bls. 54. Búið til teiknimyndasögu um Án.
7. Skoðið hvernig Guðrún bregst við þegar hún fréttir að Bolli sé dáinn. Hvernig haldið þið að henni líði?
8. Helgi Harðbeinsson, sá sem stakk spjóti í Bolla, þurrkar blóð í blæju Guðrúnar. Svo segir hann „ég hygg að undir þessu blæjuhorni búi höfuðbani minn.“ Hvað á hann við? Hver haldið þið að drepi Helga seinna í sögunni?

19. kafli

Guðrún krefst hefnda eftir Bolla

Helstu atriði:

Guðrún er í aðalhlutverki það sem eftir er bókar. Hún skiptir um bæ við Snorra goða og flytur úr Tungu að Húsafelli. Þar fæðist sonur hennar og Bolla sem nefndur er Bolli Bollason. Þegar Bolli er 12 ára og Þorleikur bróðir hans 16 eggjar Guðrún þá til að hefna föður síns. Hún sýnir þeim blóðug föt Bolla sem hún hefur ef til vill varðveitt í 12 ár þar til bræðurnir yrðu báðir nógu gamlir til að hefna. Ættardeilunum lýkur loks fyrir milligöngu Snorra goða. Bolli ungi fer út í heim og fær mikinn sóma og viðurnefnið Bolli hinn þrúði.

Efnisspurningar:

1. Hvert flutti Guðrún?

Hún flutti að Húsafelli.

2. Hver bjó þar áður?

Snorri goði.

3. Hver fæddist að Húsafelli?

Bolli Bollason, sonur Guðrúnar og Bolla.

4. Hvað voru bræðurnir Bolli og Þorleikur gamlir þegar Guðrún eggjaði þá til að hefna föður síns?

Þorleikur var 16 ára og Bolli 12 ára.

5. Hvað sýndi Guðrún sonum sínum til að fá þá til að hefna?

Hún sýndi þeim blóðug línklæði (nærföt), skyrtu og brækur.

6. Á hvern réðust bræðurnir?

Þeir réðust á Helga Harðbeinsson.

7. Hvernig lauk ættardeilunum?

Bræðurnir ætluðu að ráðast á Ólafssyni en Snorri goði stillti til friðar og fékk Ólafssyni til að greiða Bolla og Þorleiki bætur.

8. Hvað gáfu Ólafssynir Bolla og Þorleiki auk bótanna?

Þorleikur fékk skjöld en Bolli fékk sverð.

9. Hver sagði Ólafur Haraldsson Noregskonungur að væri merkilegasti maður sem komið hefði frá Íslandi um hans daga?

Bolli Bollason.

10. Hvað var Bolli kallaður eftir að hann kom heim til Íslands?

Bolli hinn prúði.

Önnur verkefni:

1. Synir Guðrúnar eru mjög ungir þegar hún eggjar þá til að hefna föður síns. Hvað finnst ykkur um að 12 og 16 ára strákar séu sendir í bardaga?
2. Hvers vegna beið Guðrún svona lengi eftir að láta hefna Bolla?

Synir hennar gátu ekki talist fullorðnir fyrr, þeir urðu að vera fullorðnir til að bera vopn.

3. Hvaða upplýsingar getið þið fundið um Snorra goða á netinu?
4. Bolli drap Helga Harðbeinsson en gaf Harðbeini syni hans grið, það er slepti honum. Hvernig haldið þið að Harðbeini hafi liðið?
5. Ættardeilunum lýkur í þessum kafla en þær hafa kostað mörg mannlíf. Hvaða orð mynduð þið nota til að lýsa þessum deilum?
6. Bræðurnir Bolli og Þorleikur sigla til Noregs og hitta Ólaf konung Haraldsson. Þetta er ekki sami kóngurinn og Kjartan og Bolli heimsóttu. Hvaða upplýsingar getið þið fundið um þennan Ólaf? Hvað var hann frægur fyrir? Hvar og hvenær dó hann? Hvaða viðurnefni hafði hann?
7. Ólafur Haraldsson er frægasti dýrlingur Norðurlandanna. Það merkir að menn töldu hann vera heilagan og geta gert kraftaverk. Sérstakur messudagur er tileinkaður Ólafi. Hvenær er Ólafsmessa?

29. Júlí.

8. Hver er núna konungur – eða drottning í Noregi?

9. Bolli ferðaðist mjög langt og gekk til liðs við Væringja í Miklagarði sem núna heitir Istanbúl. Finnið Istanbul í Tyrklandi á landakorti og skoðið leiðina sem Bolli hefur farið. Hvað haldið þið að hann hafi verið lengi á leiðinni?

10. Hvers vegna haldið þið að keisarinn í Miklagarði hafi bara viljað ráða norræna víkinga í vinnu sem varðmenn?

11. Bolli fékk viðurnefnið hinn prúði þegar hann kom aftur til Íslands. Viðurnefnið tengist riddurum en þeir áttu að vera kurteisir. Þetta sýnir að Bolli hefur þótt mjög riddaralegur. Teiknið mynd af Bolla hinum prúða í skartklæðunum sínum með gulli skreytt vopn.

20. kafli

Þeim var ég verst

Helstu atriði:

Fjórða hjónaband Guðrúnar fer eins og Gestur Oddleifsson hafði spáð. Hún giftist miklum höfðingja er heitir Þorkell Eyjólfsson, vini Snorra goða. Þau eignast soninn Gelli. Þorkell drukknar. Gellir tekur við búi 14 ára. Guðrún gerist mjög trúuð og lætur reisa kirkju að Helgafelli. Gerist síðar nunna og einsetukona. Bolli hinn þrúði heimsækir móður sína oft og eitt sinn spyr hann hana hvaða manni hún hafi mest unnað. Guðrún svarar sem frægt er orðið: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“

Efnisspurningar:

1. Hverjum giftist Guðrún?

Hann hét Þorkell Eyjólfsson.

2. Hvað hét sonur Guðrúnar og Þorkels?

Hann hét Gellir.

3. Hvað gaf Ólafur konungur Gelli og Þorkatli?

Hann gaf þeim timbur til að byggja kirkju.

4. Hver endaði ævi Þorkels?

Hann drukknaði í Breiðafirði.

5. Hvað var Gellir gamall þegar hann tók við búinu að Helgafelli?

Hann var 14 ára.

6. Hvers konar hús lét Guðrún reisa að Helgafelli?

Hún lét reisa kirkju.

7. Að hverju spurði Bolli Bollason móður sína?

Hvaða mann hún hefði elskað mest.

12. Hverju svaraði Guðrún þegar Bolli bað hana um nákvæmt svar?

„Þem var ég verst er ég unni mest.“

Önnur verkefni:

1. Tveir knerrir komu siglandi frá Noregi. Hvað er knörr? Svárið finnst í orðabók.

Hvernig fallbeygist orðið knörr?

2. Guðrún hélt sjálf brúðkaupsveisluna sem var mjög óvenjulegt. Af hverju ætli hún

hafi gert það?

Hér skiptir máli að Guðrún er að gifta sig í fjórða sinn og að hún er ekkja en ekkjur höfðu meira sjálfræði en ógiftar konur. Guðrún er einnig vel stæð.

3. Rifjið upp fjórða draum Guðrún og hvernig Gestur Oddleifsson réð hann. Finnst

ykkur draumurinn hafa ræst?

4. Guðrún lét reisa kirkju, lærði saltarann, það er Davíðssálmana í Biblíunni, og gerðist nunna. Hún var því mjög trúuð á efri árum. Hvernig finnst ykkur það passa við þá Guðrúnu sem birtist framar í bókinni? Er það mjög friðelskandi og kristileg kona?

Athugið samt að kirkjan var ekki á móti blóðhefnd fyrstu ár og aldir kristinnar trúar á Íslandi. Blóðhefnd var ekki bönnuð með lögum fyrr en á 13. öld.

5. Bolli Bollason heimsótti móður sína oft og þeim fannst gaman að ræða saman. Um hvað ætli þau hafi talað? Búið til samtal Bolla og Guðrúnar.
6. Hvernig lýsir Guðrún eiginmönnum sínum þegar Bolli spyr hana hvern hún hafi mest elskað. Berið saman svör hennar og reynið að átta ykkur á hvað henni fannst um hvern mann. Teiknið nú myndir af mönnunum hennar Guðrúnar þar sem einkenni hvers eru sýnileg.
7. Af hverju segir Guðrún: „Þorvalds get ég að engu.“ (Ég vil ekkert segja um Þorvald).
8. „Þeim var ég verst er ég unni mest,“ er eitt frægasta tilsvor Íslendingasagnanna. Við hvern á Guðrún og af hverju dæmið þið það?
9. Helgafell er mjög merkilegur staður. Hvar er Helgafell á landinu? Skoðið hliðarefnið á bls. 59. Finnið líka upplýsingar um Helgafell á netinu. Hvað er þar núna?

Verkefni í bókarlok

Ritunarverkefni

1. Þú ert Guðrún Ósvífursdóttir og orðin gömul. Þú skrifar í dagbókina þína hvað þér finnst um það sem gerðist þegar þú varst yngri. Hvað skrifar þú? Er eitthvað sem þú sérð eftir að hafa gert eða hefðir viljað gera öðruvísi?
2. Þú ert Kjartan og yrkir ljóð til Guðrúnar. Þið eruð bæði ung og ógift þótt Guðrún sé orðin ekkja.
3. Þú ert Hrefna og fréttir að Kjartan sé dáinn. Þú segir bestu vinkonu þinni frá þessu í bréfi og lýsir atburðarásinni frá þínum sjónarhóli.
4. Þú ert Bolli Þorleiksson og ert nýbúinn að drepa Kjartan. Þú ert líka búin að heyra viðbrögð Guðrúnar og ert mjög reiður út í hana. Þú hittir besta vin þinn og segir honum frá þessu öllu.
5. Þú ert Kjartan og ert nýkominn heim frá Noregi. Þú fréttir að Bolli og Guðrún séu orðin hjón. Þú sendir vini þínum í Noregi sms og segir honum frá þessu. Þú hefur 100 stafi með orðabilum til að tjá þig.
6. Þú ert Bolli Bollason og starfar sem lífvörður keisarans í Miklagarði. Þú bloggar um líf þitt. Skrifaðu daglegt blogg fyrir eina viku í lífi Bolla. Hér verðurðu að passa að dagarnir heiti réttum nöfnum, víkingarnir notuðu ekki sömu dagaheiti og við gerum.
7. Þú ert Ólafur pá og þér finnst nóg um allar þessar deilur sem sonur þinn og fóstursonur standa í. Þú reynir að fá pá til að sættast með því að tala við þá báða í einu. Hvað segirðu við Kjartan og Bolla?

Hvað-ef verkefni (munnleg eða skrifleg). Hvernig hefði Laxdæla orðið ef eftirfarandi atburðir hefðu gerst? Búið til framhald.

1. Ef Ólafur pá hefði orðið konungur á Írlandi?
2. Ef Þuríður Ólafsdóttir hefði skilað sverðinu Fótbit og tekið barnið sitt til baka?
3. Ef Þórður eiginmaður Guðrúnar hefði lifað?
4. Ef Kjartan hefði kvænst systur kóngsins í Noregi?
5. Ef Kjartan hefði drukknað í kappsundinu við Ólaf konung Tryggvason?
6. Ef Bolli hefði drukknað á leiðinni til Íslands?
7. Ef Kjartan hefði tekið við sáttgjöfinni frá Bolla, hestunum fjórum?
8. Ef Bolli hefði náð að vara Kjartan við á gilsbrúninni?
9. Ef Kjartan hefði haft sverðið Konungsnaut í bardaganum við Bolla?

Umræðuefni:

1. Hugsið nú um alla söguna og berið saman konurnar og karlana. Hvort berjast konur eða karlar meira með vopnum? Hvort finnst ykkur konurnar eða karlarnir hefningjarnari? Hverjir vilja blóðhefnd og hverjir vilja stilla til friðar? Skoðið sérstaklega þessar persónur: Kjartan, Bolla, Guðrúnu, Ósvífur, Ólaf pá og Þorgerði Egilsdóttur.
2. Hugsið nú um börn og unglinga í bókinni. Hvaða unglingar þurfa að haga sér eins og fullorðið fólk? Hvað þurfa unglingarnir að gera? Er munur á stelpum og

strákum hvað þetta varðar? Skoðið sérstaklega þessar persónur: Melkorku, Guðrúnu, Þorleik Bollason, Bolla Bollason og Gelli.

3. Hugsið nú um ólíka stöðu persónanna í bókinni. Hverjir eru ríkir og völdugir og hverjir ráða litlu? Haldið þið að það hafi verið mikill munur á aðstæðum fólks á víkingatímanum miðað við núna? Skoðið þessar persónur sérstaklega: Melkorku, Ólaf pá, Ósvífur og Þórhöllu málgu.
4. Ef þið ættuð að velja eina persónu, hver myndi þá vera aðalpersóna Laxdælu? – Hvers vegna?

Ýmis verkefni:

1. Nú á að kvikmynda Laxdælu í Hollywood. Þið fáið að velja hvaða frægu leikarar eiga að leika Kjartan, Bolla og Guðrúnu. Finnið myndir af þeim á netinu og hannið auglýsingu fyrir myndina. Hvað á myndin að heita?
2. Það er vinsælt hjá fræga fólkinu að fara í sjónvarpsviðtal og lýsa lífi sínu, ástum og vandamálum. Nú skulið þið taka viðtal við valda persónu úr Laxdælu. Vinnið tvö og tvö saman, annað ykkar leikur spyrjandann og hitt persónuna. Þið þurfið að skrifa spurningarnar og ákveða um hvað verður rætt. Svörin verða líka að passa við söguna.
3. Í árslok 2009 bárust fréttir af því að endurgera ætti laugina í Sælingsdal sem Guðrún, Kjartan og Bolli fóru oft í. Búið til útvarpsauglýsingu fyrir laugina og reynið að fá sem flesta ferðamenn til að baða sig í henni.
4. Sögupersónur í vinsælum barnabókum verða stundum að leikfangapersónum eða dúkkum. Hannið leikföng uppúr Laxdælu. Veljið nokkrar persónur og lýsið því hvernig þær eiga að líta út og hvaða hlutir fylgja þeim (vopn, klæðnaður og svo framvegis).

5. Lýsið bardaga Kjartans og Bolla með tónlist. Þið getið annað hvort valið lag sem ykkur finnst passa við frásögnina eða samið nýtt.

6. Skrifið minningargrein um Kjartan, Bolla eða Guðrúnu. Skoðið minningargreinar í Mogganum til að átta ykkur á hvernig þetta er gert.